



# APA leiðbeiningar HR

um tilvísanir og heimildaskráningu

## Vinsamlega athugið!

Þessar leiðbeiningar eru byggðar á *Publication Manual of the American Psychological Association* 6. útg. 2010 og *APA Style Guide to Electronic References* 6. útg. 2012. Við íslenskun og staðfæringu er einnig er stuðst við *Gagnfræðakver handa háskólanemum* 4. útg. 2007, eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson.

Kennarar HR gætu kosið að styðjast við aðrar útgáfur.

Enda þótt upplýsingafræðingar BUHR hafi leitast við að setja eftirfarandi leiðbeiningar fram villulausar og samkvæmt nýjustu stöðlum, þá er ekki unnt að ábyrgjast að ávallt sé svo.

Nemar eru hvattir til að bera eftirfarandi leiðbeiningar saman við ofangreind rit og/eða bera vafaatriði undir kennara sína.

**Efnisyfirlit:**

Ritstuldur .....	5
Frumheimildir (primary sources) og afleiddar heimildir (secondary sources) .....	5
Hvenær vísa skal til heimilda – beinar og óbeinar tilvitnanir .....	6
Tilvísanir og heimildaskráning .....	8
Tilvísanir.....	8
Vísuð í töflur, myndir, myndatexta, viðauka eða neðanmálgreinar .....	9
Titlar í tilvísunum – Langir titlar.....	9
Heimildaskrá.....	10
Röðun heimilda í heimildaskrá .....	10
Skáletrun í heimildaskrá .....	11
Heimildir á tungumálum s.s. þýsku, frönsku, spænsku, japönsku .....	11
Íslensk frávík frá APA staðlinum .....	12
Höfundanöfn .....	13
Íslenskir höfundar í ritum á erlendum tungumálum .....	13
Erlendir höfundar í ritum á íslensku .....	13
Höfundur og útgefandi er sami aðili.....	13
Bók (meginregla) .....	15
Bók (enginn höfundur) .....	15
Bók (einn höfundur) .....	15
Bók (tveir höfundar) .....	15
Bók (þrjú til fimm höfundar) .....	15
Bók (sex eða fleiri höfundar) .....	16
Þýdd bók .....	16
Ritstýrð bók .....	16
Kafli í ritstýrðri bók .....	16
Dæmi um tilvitnun í Þjóðarspegilinn / Rannsóknir í félagsvísindum .....	17
Bindi úr ritröð .....	17
Útgáfur bóka.....	17
Alfræðiorðabók - kafli.....	18
Rafbækur .....	18
Alfræðibækur og orðabækur á netinu.....	19
Fræðileg tímarit (meginregla) .....	20
Fræðileg tímaritsgrein (einn höfundur).....	20

Fræðileg tímaritsgrein (tveir höfundar) .....	20
Fræðileg tímaritsgrein (sex eða fleiri höfundar).....	21
Fræðileg tímaritsgrein á netinu.....	21
Fyrirfram birtar fræðilegar tímaritsgreinar ( <i>Advanced online publication</i> ) .....	22
Fræðilegar tímaritsgreinar sem eru í prentun ( <i>In press</i> ) .....	22
Útdráttur fræðilegrar tímaritsgreinar (abstract) sem heimild .....	23
Greinar úr almennum tímaritum („glanstímaritum“).....	23
Greinar af timarit.is .....	23
Dagblöð .....	24
Dagblaðsgrein (höfundur tilgreindur) .....	24
Dagblaðsgrein (höfundur ekki tilgreindur).....	24
Dagblaðsgrein á netinu (höfundur tilgreindur) .....	24
Dagblaðsgrein á netinu (höfundur ekki tilgreindur).....	25
Case studies .....	25
Skjöl og skýrslur stofnana og fyrirtækja .....	26
Stofnun sem höfundur t.d. á skjölum og skýrslum opinberra stofnana.....	27
Stofnanir sem þekktar eru undir skammstöfun sinni .....	31
Einstaklingur sem höfundur á stjórnsýsluskjölum.....	31
Rannsóknarskýrsla Alþingis .....	31
Lög, reglugerðir og þingskjöl .....	33
Alþingistíðindi .....	33
Stjórnartíðindi.....	34
Dómar .....	34
Hæstaréttardómar .....	34
Héraðsdómar.....	34
Tölfræðiheimildir (m.a. töflur frá Hagstofu Íslands).....	35
Staðlar og handbækur .....	35
Ráðstefnurit og ráðstefnufyrirlestrar, málpingsrit og málpingsfyrirlestrar.....	36
Lokaritgerðir .....	37
Vefsíður .....	38
Myndir af netinu.....	39
Hljóð- og myndefni .....	40
Útvarpsefni .....	40
Viðtöl .....	40

Podcasts/hlaðvarp.....	41
Sjónvarpsefni.....	41
Kvikmyndir.....	41
Mynddiskar og myndskaið .....	42
YouTube myndskaið .....	42
Forrit og smáforrit (öpp).....	42
Munnlegar heimildir.....	43
Facebook .....	43
Blogg.....	43
Fyrirlestraglósur, glósur úr MySchool eða glærur.....	44
Dæmi um heimildaskrá .....	45
Heimildaskrá (fyrir þetta fjölrit) .....	46
APA tilvísanir og heimildaskráning þegar upplýsingar vantar .....	48

Þegar talað er um að vitna í heimildir er átt við svokallaðar *tilvísanir*<sup>1</sup> sem settar eru inn í texta og síðan skráðar í fullri skráningu í *heimildaskrá*. Hægt er að vitna í heimildir í fræðilegum skrifum á mismunandi máta eftir því hvaða heimildaskráningarstaðli er fylgt. Þetta fjölrít inniheldur stutt ágríp af viðmiðum APA-staðalsins um tilvísanir og heimildaskráningu eins og þau eru sett fram í 6. útg. af *Publication of the American Psychological Association* (2010). Dæmin sem gefin eru í þessu fjölríti sýna algengustu tilfelli um tilvísanir og heimildaskráningu og eiga við þegar skrifað er á íslensku.

Vinsamlega athugið að þetta fjölrít skal eingöngu nota sem viðmið. Tæmandi upplýsingar og fleiri dæmi er að finna í *Publication Manual of the American Psychological Association* sem hægt er að nálgast á bókasafni HR.

SPURÐU KENRARANN ÞINN HVORT HANN GERI AÐRAR KRÖFUR UM HEIMILDASKRÁNINGU OG TILVÍSANIR EN APA STAÐALINN. KENRARINN GÆTI KOSIÐ AÐ NOTA AÐRAR ÚTGÁFUR AF APA STAÐLINUM, AÐRA STAÐLA, EÐA AÐRAR LEIÐBEININGAR.

## Ritstuldur

Þegar skrifa á rannsóknarritgerð, -skýrslu, eða annars konar fræðilegt efni þá er mjög líklega nauðsynlegt að nota heimildir til rökstuðnings, s.s. bækur, tímaritsgreinar og vefsíður, sem skrifaðar eru af fagfólki. En þegar nota á efni annarra verður að tilgreina hvaðan það efni kom og hver skrifaði það. **Sá sem ekki getur heimilda er sekur um ritstuld.** Ritstuldur varðar við lög um höfundarétt (nr. 73/1972). Einnig er ritstuldur alvarlegt brot á skólareglum í HR sem leitt getur til viðurlaga eins og kveður á í *Reglum um verkefnavinnu í HR* (sjá [www.ru.is/hugverk/](http://www.ru.is/hugverk/)).

## Frumheimildir (primary sources) og afleiddar heimildir (secondary sources)

Oft er talað um tvær tegundir heimilda; frumheimildir (e. primary sources) og afleiddar heimildir (e. secondary sources). Frumheimildir eru skjöl, ræður, niðurstöður rannsókna o.fl. sem verður til á meðan viðkomandi atriði er í vinnslu. Afleiddar heimildir greina og túlka frumheimildir.

Ef einhver möguleiki er að nálgast frumheimild, skal nota hana. Að öðrum kosti verður að nota afleidda heimild. Þegar afleiddar heimildir (e. secondary sources) eru notaðar, þarf að hafa í huga að alltaf þarf að vísa í frumheimild (e. primary source).

Sem dæmi má nefna rannsókn sem framkvæmd var af Miller og Grey (frumheimild) og vísað er til í grein eftir Greenberg (afleidd heimild), og grein Greenbergs er notuð sem heimild í lokaritgerð. Frumheimildin (rannsókn Millers og Grey) var ekki lesin við vinnslu lokaritgerðarinnar og því er rannsókn Millers og Grey ekki talin upp sem heimild í heimildaskrá. Grein Greenbergs er hins vegar skráð í heimildaskrá. Inni í meginþexta ritgerðarinnar er tilvitnun<sup>2</sup> í rannsókn Millers og Grey eins og getið er í grein Greenbergs.

**Tilvísun:** Rannsókn Millers og Grey (eins og vísað er til í Greenberg, 1997) leiddi í ljós ...

**Heimildaskrá:** Greenberg, J. (1997). The effects of globalization on the 3rd world. *Journal of Global Economy*, 67(2), 67-79.

<sup>1</sup> tilvísun = lágmarksupplýsingar um heimildina sem vísað er í – full skráning heimildarinnar er að finna í heimildaskránni

<sup>2</sup> tilvitnun = textinn sem fenginn er að láni úr ákveðinni heimild og annað hvort tekinn upp óbreyttur (bein tilvitnun) eða hann umorðaður (óbein tilvitnun)

## Hvenær vísa skal til heimilda – beinar og óbeinar tilvitnanir

Til að forðast ritstuld er mikilvægt að vita hvenær vísa skal til heimilda. Vísið ALLTAF til heimilda þegar;

- tekinn er orðrétt upp texti annars höfundar
- texti annars höfundar er þýddur, umorðaður eða honum hagrætt
- notuð eru tölfraeðileg gögn eða niðurstöður könnunar eða rannsóknar annars höfundar
- settar eru fram staðreyndir, hugmyndir eða skoðanir sem flokkast ekki sem almenn þekking

Það er ekki nauðsynlegt að vísa til heimilda þegar fjallað er um eitthvað sem kallast gæti almenn þekking, s.s. að Ísland sé eyja, að mammúturinn sé útdauður, eða að handþvottur hamli útbreiðslu sýkla.

Ef vafi er á hvort þörf sé á tilvísun, þá er alltaf betri kostur að vísa til heimildar, en að sleppa því.

Hér fyrir neðan eru þrjú dæmi um hvenær nota á tilvísanir:

Lagt er fyrir það verkefni að skrifa um viðskiptasiðferði. Ein heimild sem hægt er að nota er tímaritsgrein eftir Ólaf Klemensson „Viðskiptasiðferði og leikreglur viðskiptalífsins“ sem birtist í *Vísbandingu* árið 2003, 23. árgangi, 35. tölublaði, bls. 2-3.

Eftirfarandi textahluti er tekinn beint upp af bls. 2 í tímaritsgreininni:

Viðskiptasiðferði er skilgreint út frá formlegum reglum eða skyldum, væntingum hagsmunaaðila og siðlægu innihaldi þeirra. Formlegar skyldur skiptast annars vegar í þær reglur sem opinberir aðilar og stjórnvöld setja og hins vegar eigin reglur sem fyrirtækin setja sér sjálf.

### Dæmi 1 – beinar tilvitnanir

Ef vísað er orðrétt í heimild, sk. **bein tilvitnun**, þá þarf **alltaf** að gefa upp **blaðsíðutal**. Ef tilvitnunin er færri en 40 orð þá stendur tilvitnunin inni í setningu innan gæsalappa<sup>3</sup>, þ.e. tilvitnunin er felld inn í texta verkefnisins. Athugið að punkturinn er í þessu tilfelli settur á eftir tilvísanasviganum.

Fyrirtæki geta sett sér siðareglur sem „skiptast annars vegar í þær reglur sem opinberir aðilar og stjórnvöld setja og hins vegar í eigin reglur sem fyrirtækin setja sér sjálf“ (Ólafur Klemensson, 2003, bls. 2).

Ef bein tilvitnun er lengri en 40 orð þá er hún inndregin vinstra megin og *án gæsalappa*. Leyfilegt er að minnka letur um eina punktastærð eða minnka línubil. Í þessu tilfelli er punktur settur á undan tilvísanasviganum.

Viðskiptasiðferði er skilgreint út frá formlegum reglum eða skyldum, væntingum hagsmunaaðila og siðlægu innihaldi þeirra. Formlegar skyldur skiptast annars vegar í þær reglur sem opinberir aðilar og stjórnvöld setja og hins vegar eigin reglur sem fyrirtækin setja sér sjálf. (Ólafur Klemensson, 2003, bls. 2)

---

<sup>3</sup> Ath. Þegar skrifað er á Íslensku eru alltaf notaðar íslenskar gæsalappir „...“ (niðri 99 og uppi 66) - en á ensku eru notaðar enskar gæsalappir “. . .” (báðar uppi 66 og 99) . Í Word-forritinu er enskar gæsalappir t.d. að finna í „Insert“-flipanum undir „Symbol“.

Athugið að **orðrétt þýðing** úr heimild á öðru tungumáli s.s. ensku er **bein tilvitnun**. Þá gilda sömu reglur og hér að ofan, þ.e. tilvitnun er sett í gæsalappir, en inndregin ef hún er 40 orð eða meira og blaðsíðutal skal fylgja. (Sjá einnig um þýðingar í **Dæmi 2** hér að neðan.)

Ekki er mælt með því að nota beinar tilvitnanir nema í undantekningartilfellum þegar orðalag skiptir öllu máli.

### **Dæmi 2 – óbeinar tilvitnanir**

Ef texti sem tekinn er úr riti annars höfundar er umorðaður eða orðalagi hans hagrætt á einhvern máta, þá verður að geta heimildarinnar. Umorðun texta gerir hann ekki að þínu hugverki heldur er þá um **óbeina tilvitnun** að ræða. Ekki þarf að setja gæsalappir utan um óbeinar tilvitnanir og ekki er skylt að vísa til blaðsíðutals skv. staðlinum, en þó er oft mælt til þess af kennurum og leiðbeinendum, þar sem það auðveldar að finna hvar tilvitnunin er staðsett í heimild.

Fyrirtæki geta sett sér siðareglur sem samanstanda af reglum hins opinbera og stjórnvalda ásamt reglum viðkomandi fyrirtækis (Ólafur Klemensson, 2003, bls. 2).

Eins og Ólafur Klemensson bendir á í grein sinni frá árinu 2003 (bls. 2), þá geta fyrirtæki sett sér siðareglur ...

Hins vegar ef innihald rits í heilu lagi er dregið saman í stuttu máli, hvort sem það er bók, tímaritsgrein eða annað, þá er rökrétt að sleppa blaðsíðutali.

Almennt er mælt með að nota frekar óbeinar tilvitnanir en beinar, en þá tilvitnunin umorðuð til að falla að texta verkefnisins eða ritgerðarinnar. Þetta á einnig við þegar **þýtt er úr heimild á erlendu tungumáli** s.s. ensku, þ.e. að þýða og umorða tilvitnunina til að falla að texta verkefnisins.

## Tilvísanir og heimildaskráning

Skylt er að vísa í upplýsingar sem fengnar eru úr verkum annarra höfunda annars vegar í meginmáli texta (**tilvísanir**) og hins vegar í lok ritgerðar eða verkefnis (**heimildaskrá**). Nauðsynlegt er að öll rit sem vísað er til í meginmáli séu talin upp í heimildaskrá, og öfugt. Undantekning frá þessari reglu eru *munlegar heimildir*; þeirra er *einungis getið í tilvísunum*, en ekki í heimildaskrá (sjá kafla um munlegar heimildir).

### Tilvísanir

Tilvísanir inni í texta eru stuttar og innihalda nafn höfundar (fullt nafn íslensks höfundar, eftirnafn erlends höfundar), ártal og blaðsíðutal, ef það á við. Þessar stuttu tilvísanir gefa lesandanum nægar upplýsingar til að finna viðkomandi heimild í heimildaskrá aftast í verkefninu.

Ath. Samkvæmt APA staðlinum eru blaðsíðutöl ekki nauðsynleg þegar vísað er óbeint í heimildir annarra höfunda, en margir kennarar og leiðbeinendur mælast til þess að gefið sé upp blaðsíðutal.

Algengasta form tilvísana er eftirfarandi; nafn höfundar (fullt nafn íslensks höfundar, eftirnafn erlends höfundar), ártal; t.d. (Guðmundur Páll Jónsson, 2003) eða (Wilson, 2001, bls. 47) fyrir tilvísun í eina ákveðna blaðsíðu; (Wilson, 2001, bls. 47-48) fyrir tilvísun í margar blaðsíður.

Í fyrri sjúklingarannsókn (Wilson, 2001, bls. 7), kom í ljós ...

Könnun á aðgengi fatlaðra (Jón Sigurðsson o.fl., 2003, bls. 115) leiddi í ljós ...

Ef nafn höfundar kemur fram inni í textanum, þá þarf aðeins ár og blaðsíðutal að koma fram í tilvísun.

Wilson (2001) rannsakaði sjúklinga og komst að þeirri niðurstöðu ...

Könnun Jóns Sigurðssonar o.fl. (2003) sýndi ...

Ef nafn höfundar og ártal kemur fram í textanum, þá þarf aðeins blaðsíðutalið að koma fram í tilvísuninni, ef kennari krefst þess að blaðsíðutals sé getið. Annars eru svigar óþarfir í þessu tilfalli.

Árið 2001 rannsakaði Wilson sjúklinga (bls. 7) og fann út að ...

Könnun Jóns Sigurðssonar o.fl. frá árinu 2003, leiddi í ljós ...

Í flestum dæmum í þessum fjölríti innihalda tilvísanirnar nafn höfundar, en mælst er til þess að nota frekar nöfn höfunda inni í texta (eins og í dæmunum hér að ofan), þar sem það gerir svigana styttri og þar með textann læsilegri og minna sundurslitinn.

Í rafrænum heimildum þar sem blaðsíðutal vantar, s.s. á vefsíðum, má í stað blaðsíðutals setja númer málsgreinar, skammstafað mgr., ef þess er getið t.d. (Smith, 2009, mgr. 4). Einnig má tilgreina kaflaheiti og málsgreinanúmer innan kafla, t.d.

Í rannsókn sinni frá árinu 2009 segir Smith (Umræða, mgr. 4) ....

Ef orð eða hluti texta er felldur út úr beinum tilvísunum eru settir inn þrír punktar í stað þess sem felld er út. Einnig ef felldur er út texti milli setninga, þá eru settir inn fjórir punktar (þ.e. þrír punktar fyrir orð sem felld eru út og einn punktur fyrir greinarmerki).

„Ágreiningur endurskoðenda og stjórnenda ... er ræddur og komast þeir oftast að samkomulagi. .... Það er ekki hlutverk endurskoðenda að meta hvort viðskiptaráðstafanir fyrirtækis eru skynsamir eða hagkvæmar“ (Endurskoðandinn, 2001).



## Vísað í töflur, myndir, myndatexta, viðauka eða neðanmálgreinar

Vísa má í fleiri upplýsingar en texta, t.d. í töflur, myndir, neðanmálgreinar, myndatexta, viðauka ... .

Ef notaðar eru tölfræðiupplýsingar úr töflum eða línuritum úr textum annarra höfunda, þá skal alltaf geta heimildar. Eftirfarandi upplýsingar um það hvernig vinna með skóla hefur áhrif á námsárangur framhaldsskólanema, er að finna í töflu í tímaritsgrein eftir Kusum Singh, Mido Chang og Sandra Dika sem ber titilinn „Effects of part-time work on school achievement during high school“ og birtist í *The Journal of Educational Research*, september/október 2007, árgangur 101, tölublað 1, á blaðsíðum 12-22.

Rannsóknir sýna að þeir framhaldsskólanemar sem vinna færri stundir á viku hafa meiri metnað gagnvart námi sínu, verja meiri tíma í námið og fá hærri einkunnir, en þeir framhaldsskólanemar sem vinna fleiri stundir (Singh, Chang og Dika, 2007, bls. 20).

Þegar vísað er í töflur og myndir má einnig vísa beint í ákveðna dálka og raðir í töflu – (Woo og Leon, 2003, tafla 2, röð 3)

Vísað í viðauka: (Ebrahim, Steen og Paradise, 2009, viðauki C)

Vísað í neðanmálgrein: (Park, Bavel Vasey og Thayer, 2008, neðanmálgrein 3)

Vísað í myndatexta: (Cook o.fl., 2007, myndatexti með mynd 7)

## Titlar í tilvísunum – Langir titlar

Ef höfundar er ekki getið í heimild, eins og oft er t.d. um vefsíður, þá kemur titill í höfundastað bæði í tilvísun og í heimildaskrá. Ef um langan titil er að ræða má stytta hann í tilvísun þ.e. taka fyrstu tvö, þrjú orð í titli og setja í tilvísun.

**Tilvísun:** Til að ekkli/ekkju sé leyfilegt að sitja í óskiptu búi eftir lát maka ... („Leiðbeiningar um útfyllingu“, e.d.)

**Heimildaskrá:** *Leiðbeiningar um útfyllingu á eyðublaði fyrir beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi.*

(e.d.). Sótt 8. desember 2009 af

[http://www.syslumadur.is/uploads/pdf/leidbeiningar\\_um\\_utfyllingu\\_umsoknar\\_um\\_leyfi\\_til\\_setu\\_i\\_oskiptu\\_bui.pdf](http://www.syslumadur.is/uploads/pdf/leidbeiningar_um_utfyllingu_umsoknar_um_leyfi_til_setu_i_oskiptu_bui.pdf)

## Heimildaskrá

Heimildaskrá skal vera á sér blaðsíðu aftast í verkefni og hafa titilinn **Heimildir** sem fyrirsögn. Heimildaskráin á að vera með samsvarandi línubili og aðrir hlutar verkefnisins, þó staðallinn kveði á um að línubil í verkefnum skuli vera tvöfalt. Fyrsta lína í hverri færslu í heimildaskránni skal vera „hangandi“, þ.e. fyrsta línan í færslunni er vinstri jöfnuð, en næstu línur inndregnar (í Word-forritinu; Paragraph – Indents and spacing – Special – Hanging).

### Röðun heimilda í heimildaskrá

Færslur í heimildaskrá skulu vera stafrófsraðaðar eftir nöfnum höfunda (fornöfnum íslenskra höfunda og eftirnöfnum erlendra höfunda), eða nafni stofnunar eða fyrirtækis sem skráð er fyrir heimildinni.

**ATH.** að röð höfunda að einstöku verki er aldrei breytt, enda gefur röðin oft til kynna ólíkt framlag höfunda til vinnu við verkið, bókina, tímaritsgreinina, skýrsluna, rannsóknina ... . Sjá dæmi *Bók (sex eða fleiri höfundar)*.

Ef höfundur er ókunnur þá raðast heimildin eftir titli.

Ef tveir íslenskir höfundar heita sama fornafni þá raðast þeir eftir föðurnafni, en ef tveir erlendir höfundar heita sama eftirnafni raðast þeir eftir fyrsta bókstaf í fornafni.

Ef höfundar eru alnafnar raðast þeir eftir ártölum, elsta heimildin fyrst (þ.e. heimild útgefin árið 1988 raðast á undan heimild sem gefin var út árið 2001).

Ef notaðar eru tvær eða fleiri heimildir eftir sama höfund sem útgefnar eru sama ár, þá eru heimildir aðgreindar með a, b, c á eftir ártali:

Wilson, A. (2008a). A survey into the effects of ....

Wilson, A. (2008b). The effects of ...

Ef notaðar eru tvær eða fleiri heimildir eftir sama höfund en báðar án dagsetningar þá eru heimildir aðgreindar með -a, -b, -c á eftir e.d. (engin dagsetning):

Spencer, C. B. (e.d.-a). Into the depths of ...

Spencer, C. B. (e.d.-b). Looking through the ...

Það er titill heimildar sem ræður því hvaða heimild fær a, b eða c á eftir ártali (eða e.d.). Tvær heimildir sem hafa sama höfund og útgáfuár og titill annarar heimildarinnar byrjar á *Advanced* ... þá fær sú heimild **e.d.-a** og heimildin sem hefur titil sem byrjar á *Fundamentals of* ... fær **e.d.-b**.

Ef notaðar eru margar heimildir eftir sama höfund, þar sem koma fyrir heimildir sem eru án árs (e.d.), heimildir með ártali og heimildir sem eru í prentun, þá gæti röðunin verið svona:

Wilson, A. (e.d.). A survey into the effects of ....

Wilson, A. (2008). The effects of ...

Wilson, A. (í prentun). Challenging the ...

Ef notaðar eru tvær eða fleiri heimildir þar sem fyrsti höfundur er sá sami en meðhöfundar eru mismunandi þá raðast heimildirnar eftir nöfnum næsta höfundar í röðinni og eftir ártali sé röð höfunda sú sama:

Spencer, C. B. (e.d.-a). Into the depths of ...

Spencer, C.B. (e.d.-b). Questioning the ...

Spencer, C.B., Borham, A. L., Thureaux, M. og Hare, P. (2009). From the abyss ...

Spencer, C. B., Morgan, J. og Parker, S. (2008). The miracles of ...

Spencer, C. B., Morgan, J. og Smith, M. (2004). The ways the ...

Spencer, C. B., Morgan, J. og Smith, M. (2005). Into the ....

Heimild skal stafrófsraðað í heimildaskrá eftir fyrsta gildandi orði (t.d. ekki eftir *The, An* ...). Ef titillinn er „The new health-care system“ raðast heimildin undir N fyrir New.

ATH. **Allar** heimildir, nema munnlegar heimildir, (sjá kafla um munnlegar heimildir) raðast í eina samfellda heimildaskrá skv. ofangreindum reglum, þ.m.t. ljósmyndir, myndskreið, töflur, línurit ...

### Skáletrun í heimildaskrá

Almenna reglan er sú að skáletra skuli hýsil heimildarinnar. Þannig er t.d. **titill bókar** skáletraður hvort sem um er að ræða tilvísun í bók eða bókarkafli (sjá bls. 11-13). Einnig er **titill tímarits** alltaf skáletraður þegar tímaritsgrein er notuð sem heimild (sjá bls. 15-17). **Titill vefs** er skáletraður ef augljóst er að vefsíða innan þess vefs er heimildin (sjá bls. 20). Í því sambandi má líkja vef við tímarit, og vefsíðu við grein í tímariti. Í óvissutilfellum skal ekki skáletra vefsíðu.

### Heimildir á tungumálum s.s. þýsku, frönsku, spænsku, japönsku ...

Leyfilegt er að nota heimildir á hvaða tungumáli sem er og þýða tilvitnanir úr þeim heimildum á tungumál viðkomandi verkefnis; íslensku eða ensku. Í þeim tilvikum þar sem óvíst er hvort lesendur verkefnisins skilji tungumál viðkomandi heimildar má þýða titla heimildar og setja í hornklofa í heimildaskrá.

**Tilvísun:** Íslandi hefur verið líkt við tilraunaeldhús í hagfræði (Bartels, 2010) ...

**Heimildaskrá:** Bartels, G. (2010, 27. maí). Finanzkrise: Island, die Versuchsküche [Efnahagskreppa: Tilraunaeldhúsið Ísland]. *Die Zeit*. Sótt 23. maí 2014 af <http://www.zeit.de/kultur/2010-05/island-gudmondsson>

## Íslensk frávik frá APA staðlinum

Þegar verkefni eru skrifuð á íslensku þarf einnig að íslenska skráningu tilvísana og heimildaskrár.

**ATH. feitletrun** í töflunni hér að neðan er **notuð til áherslu** en á **ekki** að **nota** í **tilvísunum** eða **heimildaskrá**.

Skýring	Íslenskar tilvísanir og heimildaskrá	Enskar tilvísanir og heimildaskrá
<i>milli nafna</i>	<b>og</b>	<b>&amp;</b>
blaðsíðutal	<b>bls.</b>	<b>p</b> eða <b>pp</b>
útgáfa	<b>útg.</b>	<b>ed.</b>
ritstjóri/-ar	<b>ritstj.</b>	<b>Ed.</b> eða <b>Eds.</b>
<i>ath. lítinn og stóran upphafsstaf</i>	framleiðandi / leikstjóri / fréttamaður	Producer / Director / Correspondent
<i>ath. lítinn og stóran upphafsstaf</i>	kvikmynd / hljóðdiskur / tafla / línurit	Motion picture / CD recording / Table / Graph
og fleiri	<b>o.fl.</b>	<b>et al.</b>
engin dagsetning	<b>e.d.</b>	<b>n.d.</b>
bindi í ritverki	<b>bindi</b>	<b>vol.</b>
árgangur tímarits	<b>árg.</b>	<b>vol.</b>
kafli í bók	<b>í</b>	<b>In</b>

Nánari útskýring á töflunni:

- **og** verður **&** þegar skrifað er á ensku (á milli höfundanafna t.d. Wilson & Brown, 2004)
- **bls.** verður **p** eða **pp** (í merkingunni *blaðsíðutal*) þegar skrifað er á ensku, þ.e. pp ef tilvísun nær yfir fleiri en eina blaðsíðu.
- **útg.** (í merkingunni *útgáfa*) verður **ed.** (í merkingunni *edition*) þegar skrifað er á ensku.
- **ritstj.** (í merkingunni *ritstjóri/ritstjórar*) verður **Ed.** eða **Eds.** (í merkingunni *editor/-s*) þegar skrifað er á ensku.
- framleiðandi, leikstjóri, fréttamaður er með litlum upphafsstaf þegar skrifað er á íslensku, en þegar skrifað er á ensku er það með stórum upphafsstaf; **Producer**, **Director**, **Correspondent**.
- tegund efnis s.s. kvikmynd, hljóðdiskur, tafla, línurit er skrifað með litlum upphafsstaf á íslensku, en stórum upphafsstaf á ensku; **Motion picture**, **Table**, **Graph**
- **o.fl.** (í merkingunni *og fleiri*) verður **et al.** (í merkingunni *and others*) þegar skrifað er á ensku.
- **e.d.** (í merkingunni *engin dagsetning*) verður **n.d.** (í merkingunni *no date*) þegar skrifað er á ensku.
- **bindi** (bindi í margra bóka ritverki) verður **vol.** (í merkingunni *volume*) þegar skrifað er á ensku.
- **árg.** (í merkingunni árgangur tímarits) verður **vol.** (í merkingunni *volume*) þegar skrifað er á ensku.

Athugið einnig að ef heimild hefur þrjá eða fleiri höfunda þá skal setja kommu á undan **&** í upptalningu í tilvísunum þegar skrifað er á ensku.

(Caswell, Morgan, & Duka, 2013)

(Brinnan, Beh-Shakhar, Morgan, & Smith, 2009)

## Höfundanöfn

### Íslenskir höfundar í ritum á erlendum tungumálum

Ef bók eða tímaritsgrein er skrifuð á erlendu tungumáli, s.s. ensku, af íslenskum höfundum, þá er mælt með að skrá eftirnafn íslensku höfundanna eins og þau eru skrifuð á bókinni eða í greininni, en skammstafa fornöfn þeirra (jafnvel þó fornöfnin séu rituð í heild sinni á heimildinni).

Ef höfundar eru ritaðir t.d. Urður **Thorðardottir** og Sæmundur **Æ. Guðmundsson** í tímaritsgrein á ensku, í bresku tímariti frá árinu 2005 þá verður tilvísunin (Thorðardottir og Guðmundsson, 2005) þ.e. sami ritháttur á nöfnunum og er í greininni. Í heimildaskrá yrðu nöfnin skráð Thorðardottir, U. og Guðmundsson, S. **Æ.**

**Tilvísun:** Mýsnar brugðust við á mismunandi máta (Thorðardottir og Guðmundsson, 2007) þó að ...

**Heimildaskrá:** Thorðardottir, U. og Guðmundsson, S. **Æ.** (2007). The curious amygdala. *Journal of Research Psychology*, 26(2), 10-22.

### Erlendir höfundar í ritum á íslensku

Ef bók eða tímaritsgrein er rituð á íslensku af höfundum sem hafa erlend nöfn, þá er mælt með að skrá nöfn þeirra eins og þau eru skráð á heimildinni og skv. íslenskri nafnahefð, þ.e. fornafn eftirnafn.

Ef bók á íslensku um sálfræði er rituð af Aldísi Guðmundsdóttur og Jörgen Pind þá verður skráningin eftirfarandi:

**Tilvísun:** Ofvirkni og athyglisbrestur haldast oft hönd í hönd (Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind, 1981) þó að ...

**Heimildaskrá:** Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind. (1981). *Sálfræði: Hugur og hátterni*. Reykjavík: Mál og menning.

Um skráningu heimilda á öðrum tungumálum en íslensku, ensku og Norðurlandamálum sjá kaflann *Heimildir á tungumálum s.s. þýsku, frönsku, spænsku, japönsku ...* bls. 10.

### Höfundur og útgefandi er sami aðili

Skjöl opinberra aðila, stofnana, félaga og fyrirtækja eru oft gefin út af viðk. stofnun, félagi, fyrirtæki. Þegar svo er þá er ritað Höfundur í útgefendastað, í stað þess að endurtaka heiti stofnunar sem er skráð höfundur ritsins (sjá einnig fleiri dæmi í kaflanum **Stjórnsýsluskjöl**).

**Tilvísun:** Erlendar eignir og skuldir íslenska ríkisins voru ... (Seðlabanki Íslands, 2013)

**Heimildaskrá:** Seðlabanki Íslands. (2013). Undirliggjandi erlend staða og greiðslujöfnuður, *Í Seðlabanki Íslands - Sérít nr. 9*. Reykjavík: Höfundur

**Hér á eftir fara dæmi um algengar tilvísanir og heimildaskráningu skv. APA staðli.**

**Dæmi um heimildaskrá er að finna aftast í þessu skjali.**

**Tæmandi upplýsingar um APA staðalinn ásamt ítarlegri dæmum má sjá í *Publication Manual of the American Psychological Association* 6. útg., sem er til afnota á bókasafni HR.**

**Einnig er bendum við á bloggsíðu APA - [blog.apastyle.org](http://blog.apastyle.org)**

## Bók (meginregla)

**Heimildaskrá - íslenskur höfundur:** Fornafn Eftirnafn. (Ártal). *Titill rits: Undirtitill* (útgáfa).  
Útgáfustaður: Útgefandi.

**Heimildaskrá - erlendur höfundur:** Eftirnafn, F. F. (Ártal). *Titill rits: Undirtitill* (útgáfa). Útgáfustaður:  
Útgefandi.

Í heimildaskrá þarf að koma fram nafn höfundar (aðeins upphafsstafir fornafna erlends höfundar), titill og undirtitill (ef hans er getið), útgáfa (2. útgáfa eða seinni útgáfur), ártal og útgefandi. Titill bókar á að vera skáletraður.

## Bók (enginn höfundur)

**Tilvísun:** Hryggsúlan hefur 24 hryggjarliði (*Dorland's illustrated*, 2000) sem ...

Ef vísað er í bók, bækling eða skýrslu án höfundar þá skal titill í tilvísun vera skáletraður. Leyfilegt er að stytta lengri bókartitla í tilvísunum niður í fyrstu 3-4 orð í titlinum.

**Heimildaskrá:** *Dorland's illustrated medical dictionary* (29. útg.). (2000). Philadelphia, PA:  
Saunders.

## Bók (einn höfundur)

**Tilvísun:** Ritstuldur er oft óviljaverk (Ballenger, 2007) þó að ...

**Heimildaskrá:** Ballenger, B. (2007). *The curious researcher: A guide to writing research papers*.  
Toronto, Kanada: Pearson Longman.

## Bók (tveir höfundar)

**Tilvísun:** Sú starfsgrein sem mun vaxa hvað mest í Bandaríkjunum næsta áratuginn er starfsgrein menntaðra hjúkrunarfræðinga (Cherry og Jacob, 2005)

**Heimildaskrá:** Cherry, B. og Jacob, S. R. (2005). *Contemporary nursing: Issues, trends, & management* (3. útg.). St. Louis, MO: Mosby.

Ef skrifað er á ensku er notað & í stað og á milli höfundanafna bæði í tilvísunum og heimildaskrá.

## Bók (þrjú til fimm höfundar)

**Fyrsta tilvísun:** Rannsóknin (Kirton, Talotta og Zwolski, 2001) leiddi í ljós ...

**Seinni tilvísanir:** Þegar skoðaðar eru niðurstöður rannsóknarinnar (Kirton o.fl., 2001) þá sést ...

**Heimildaskrá:** Kirton, C. A., Talotta, D. og Zwolski, K. (2001). *Handbook of HIV/AIDS nursing*.  
St. Louis, MO: Mosby.

Nöfn allra höfunda (þriggja, fjögurra eða fimm höfunda), íslenskra jafnt sem erlendra, eru talin upp í fyrsta skipti sem vísað er í heimildina. Í seinni tilvísunum skal einungis telja upp fyrsta höfundinn ásamt o.fl. þegar skrifað er á íslensku, en et al. (sem merkir og fleiri) þegar skrifað er á ensku.

Ef tvær eða fleiri heimildir eru eftir sama fyrsta höfund (eða fyrstu höfunda), en ekki alla höfunda, skal í seinni tilvísunum skrá eins marga höfunda og þarf, þannig að hægt sé að greina á milli heimilda.

## Bók (sex eða fleiri höfundar)

**Tilvísun á íslensku:** Rannsóknin (Wolchik o.fl., 2000) sýndi ...

Þegar um er að ræða sex eða fleiri höfunda þá þarf einungis að vísa til fyrsta höfundar í tilvísun inni í textanum ásamt o.fl. eða et al., hvort sem um er að ræða fyrstu tilvísun eða seinni tilvísanir.

**Heimildaskrá:** Wolchick, S. A., West, S. G., Sandler, I. N., Tein, J., Coatsworth, D. og Lengua, L. (2000). *Neuroscience*. Philadelphia, PA: Saunders.

Ef sex eða sjö höfundar standa að riti þá þarf að telja alla upp í heimildaskrá, eins og í dæminu hér að ofan, en ef átta eða fleiri höfundar eiga aðild að ritinu þá skal telja upp sex fyrstu höfundana í heimildaskrá síðan eru settir þrír punktar og þá síðasti höfundur eins og í eftirfarandi dæmi:

**Heimildaskrá:** Jón Guðmundsson, Sigurbjörn Hannesson, Margrét Steinsdóttir, Jónína Oddsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Pétur Þórðarson, ... Árni Arnarson. (1999). *Sögur og sagnir úr sýslunni okkar*. Bjólfseyri: Steinsútgáfan.

## Þýdd bók

**Tilvísun:** Kennsluáðferðir kenningarinnar eru fjölbreyttar (Armstrong, 1994/2001) ...

**Heimildaskrá:** Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði). Reykjavík: JPV. (Upphaflega gefið út 1994).

## Ritstýrð bók

Með ritstýrðri bók er átt við bók sem hefur ekki eiginlegan höfund heldur ritstjóra.

**Tilvísun:** Samband geðklofa og afbrota (Raine, 2006) er ...

**Heimildaskrá:** Raine, A. (ritstj.). (2006). *Crime and schizophrenia: Causes and cures*. New York, NY: Nova Science.

Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson (ritstj.). (2002). *Þingvallavatn: Undraheimur í mótun*. Reykjavík: Mál og menning.

## Kafla í ritstýrðri bók

Þegar vísað er í kafla í ritstýrðri bók eru höfundar *bókarkafans* skráðir sem höfundar, bæði í tilvísun inni í texta, sem og í heimildaskrá.

**Tilvísun:** Nokkrar grundvallarkenningar (Young og Wasserman, 2005) ...

**Heimildaskrá - meginregla:** Höfundur/-ar kafla. (Ártal). Titill kafla. Í nafn ritstjóra (ritstj.), *Titill Bókar* (blaðsíður kaflans). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Heimildaskrá – dæmi:** Young, M. E. og Wasserman, E. A. (2005). Theories of learning. Í K. Lamberts og R. L. Goldstone (ritstj.), *Handbook of cognition* (bls. 161-182). Thousand Oaks, CA: Sage.



## Dæmi um tilvitnun í Þjóðarspegilinn / Rannsóknir í félagsvísindum

Þjóðarspejillinn / Rannsóknir í félagsvísindum er ritröð sem birtir rannsóknir í hinum ýmsu greinum félagsvísinda s.s. viðskiptafræði. Rannsóknir í félagsvísindum hafa komið út síðan 1994, en hin síðari ár hafa rannsóknirnar verið birtar í ritröðinni Þjóðarspejillinn.

**Tilvísun:** Samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja ... (Jón Snorri Snorrason, 2010)

**Heimildaskrá:** Jón Snorri Snorrason. (2010). Áhrif eignarhalds á samkeppnishæfni og fyrirtækjamenningu: Landslagið eftir hrún. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI. Viðskiptadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 141-148). Reykjavík: Félagsvísindastofnun. Sótt 29. maí 2013 af <http://hdl.handle.net/1946/6747>

## Bindi úr ritröð

Með ritröð er átt við margar bækur sem koma út undir sama titli (oft sama yfirtitli, en mismunandi undirtitlum), þ.e. röð bóka = ritröð og þá er viðfangsefninu skipt í nokkrar bækur eða bindi.

**Tilvísun:** Við viðgerð á steinhúsum er (Ari Trausti Guðmundsson og Flosi Ólafsson, 2003) ...

**Heimildaskrá:** Ari Trausti Guðmundsson og Flosi Ólafsson. (2003). Steinuð hús: Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining. Í Ari Trausti Guðmundsson (ritstj.), *Ritröð Húsafriðunarnefndar ríkisins* (6. bindi). Garðabær: Húsafriðunarnefnd ríkisins.

## Útgáfur bóka

Aldrei eru skráðar upplýsingar um fyrstu útgáfu bókar, aðeins seinni útgáfur t.d. 2. útg.

Upplýsingar um útgáfur og annað útgáfutengt, eru skráðar í sviga á eftir titli bókar, en ekki skáletrað.

**Heimildaskrá:** Landy, F. J. og Conte, J. M. (2013). *Work in the 21st century: An introduction to industrial and organizational psychology* (4. útg.). Hoboken, NJ: Wiley

*Dorland's illustrated medical dictionary* (29. útg., 3. bindi). (2000). Philadelphia, PA: Saunders.

## Alfræðiorðabók - kafli

Alfræðiorðabækur eru söfn af stuttum skilgreiningum, útskýringum og ágrípum hugtaka og atburða. Þessir stuttu kaflar eru ýmist ritaðar undir höfundarnöfnum eða standa nafnlausir. Einnig eru alfræðisöfn oft skráð á nafngreinda ritstjóra.

**Tilvísun:** Frumefnin eru byggingarefni allra hluta (Usselman, 2006).

**Heimildaskrá – meginregla:** Höfundur kafla. (Ártal). Titill kafla. Í *Titill alfræðirits* (bindisnúmer).  
Útgáfustaður: Útgefandi.

Usselman, M. (2006). Chemistry. Í *The world book encyclopedia* (3. bindi). Chicago, IL: World Book.

Ef enginn höfundur er skráður fyrir kafla í alfræðiriti en ritstjóra er getið skal nota eftirfarandi form:

**Tilvísun:** Arabar lögðu Persíu undir sig (Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir, 1990) og ...

**Heimildaskrá – meginregla:** Nafn ritstjóra. (Ártal). Titill kafla. Í *Titill alfræðirits* (bindisnúmer).  
Útgáfustaður: Útgefandi.

Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstj.). (1990). Íran. Í *Íslenska alfræðiorðabókin* (2. bindi). Reykjavík: Örn og Örlygur.

## Rafbækur

Tilvísanir og heimildaskráning rafbóka sem eingöngu hafa birst sem rafrænt er mjög áþekkt prentuðum bókum. Látið annað hvort doi-númer (sjá skýringu á doi-númeri í kaflanum um tímaritsgreinar) eða URL (<http://...>) fylgja skráningunni.

**Tilvísun:** Skráning sjúkrasögu (Nettina, 2001) þarfnast ...

**Heimildaskrá:** Nettina, S. M. (ritstj.). (2001). *Lippincott manual of nursing practice*. Philadelphia, PA: Williams & Wilkins. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://ovidsp.tx.ovid.com.uproxy.library.dc-uiot.ca/spa/ovidweb.cgi>

Ef um er að ræða rafræna útgáfu á bók sem áður hefur birst á prenti þarf að tilgreina um hvers konar rafrænt form er að ræða (ePUB, eReader, mobi (fyrir Kindle), Adobe Digital Editions og PDF eru algengustu formin). Látið annað hvort doi-númer fylgja eða URL netbóksölnunnar þar sem bókin fæst.

**Heimildaskrá:** Schiraldi, G.R. (2001). *The post-traumatic stress disorder sourcebook: A guide to healing, recovery, and growth* [Adobe Digital Editions útg.]. doi: 10.1036/0071393722

Björn S. Stefánsson. (2011). *Lýðræði með raðvali og sjóðvali* [ePub útg.]. Lýðræðissetrið. Sótt 28. maí 2013 af <http://www.emma.is/>

## Alfræðibækur og orðabækur á netinu

Greinar í alfræðibókum og færslur í orðabókum eru oft án höfunda. Ef svo er, skal nota titil greinar í tilvísunum (styttn, ef um langan titil er að ræða). Ef netútgáfan er rafræn útgáfa prentaðrar heimildar, þá skal skrá útgáfunúmer á eftir titli.

### Tilvísun:

B. F. Skinner var mikill áhrifavaldur á sviði atferlisfræði (Graham, 2007).

Hnattræn hlýnun er hækkun lofthita vegna loftmengunar („Global warming“, e.d.).

### Heimildaskrá:

Graham, G. (2007). Behaviorism. Í E. N. Zalta (ritstj.), *The Stanford encyclopedia of philosophy* (útg. haust 2007). Sótt 12. september 2014 af <http://plato.stanford.edu/entries/behavior>

Global warming. (e.d.). Í *Merriam-Webster online dictionary* (11. útg.). Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.m-w.com/dictionary/global%20warming>

Self-esteem. (e.d.). Í *Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi* (vefútg.). Sótt 22. nóvember 2012 af <http://snara.is>

Anxiety [skilgreining nr. 2]. (e.d.). Í *Enskt-enskt orðanet* (vefútg.). Sótt 23. ágúst 2012 af <http://snara.is>

Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstj.). (2011). Lotukerfi. Í *Íslenska alfræðiorðabókin* (vefútg.). Sótt 23. ágúst 2012 af <http://snara.is>

## Fræðileg tímarit (meginregla)

**Tímarit:** Höfundanafn / -nöfn. (Ártal). Titill greinar. *Titill tímarits, árgangur*(tölublað), blaðsíðutal.

Heimildaskráning fræðilegs tímarits inniheldur nafn höfundar, ártal, titil greinar, titil tímarits (skáletrað), árgang og tölublað (árgangsnúmer skáletrað) og blaðsíðutal sem greinin spannar.

Ef árgangur fræðitímarits hefur hlaupandi blaðsíðunúmer milli tölublaða, þá er óþarfi að taka fram númer tölublaðs í heimildaskrá (eins og í dæminu um *Tímaritsgrein með tveimur höfundum* hér á eftir), en það er leyfilegt. (Sjá nánar um doi-númer í kaflanum *Fræðileg tímaritsgrein á netinu.*)

**Meginregla:** Höfundanafn / -nöfn. (Ártal). Titill greinar. *Titill tímarits, árgangur*(tölublað), blaðsíðubíl. doi:xx.xxxxxxxx

**Einnig leyfilegt:** Höfundanafn / -nöfn. (Ártal). Titill greinar. *Titill tímarits, árgangur*(tölublað), blaðsíðubíl. <http://dx.doi.org/xx.xxxxxxxx>

## Fræðileg tímaritsgrein (einn höfundur)

**Tilvísun:** Klínískar rannsóknir (Thorne, 2001) gefa til kynna ...

**Heimildaskrá:** Thorne, S. E. (2001). Complementary and alternative medicine: Critical issues of nursing practice and policy. *Canadian Nurse*, 97(4), 27-30.

## Fræðileg tímaritsgrein (tveir höfundar)

**Tilvísun:** Hjúskaparstaða einstaklings (Herbst-Damm og Kulik, 2005) er ...

**Heimildaskrá:** Herbst-Damm, K. L. og Kulik, J. A. (2005). Volunteer support, marital status, and the survival times of terminally ill patients. *Health Psychology*, 24, 889-892. doi:10.1037/0389-6133.24.2.225

Ef árgangur tímarits hefur hlaupandi blaðsíðunúmer milli tölublaða (eins og í dæminu hér að ofan), þá er óþarfi að taka fram númer tölublaðs í heimildaskrá.

Fræðileg tímaritsgrein (þrjú til fimm höfundar)

**Fyrsta tilvísun:** Verkjastillandi meðferð einskorðast við öldrunarsjúkdóma (Kapo, Morrison og Liao, 2007) og ...

**Seinni tilvísanir:** (Kapo o.fl, 2007)

**Heimildaskrá:** Kapo, J., Morrison, L. J. og Liao, S. (2007). Palliative care for the older adult. *Journal of Palliative Medicine*, 10(1), 85-109.

6. útg. APA staðalsins mælir með því að tilgreina DOI númer tímaritsgreina ef greinin hefur fengið slíkt númer (sjá dæmi um tvo höfunda) – DOI númerið er oftast að finna á fyrstu síðu greinarinnar, efst eða neðst.

## Fræðileg tímaritsgrein (sex eða fleiri höfundar)

**Tilvísun:** Rannsókn á fyrirburum (Davies o.fl., 2002) sýndi ...

Þegar um er að ræða sex eða fleiri höfunda þá þarf einungis að vísa til fyrsta höfundar í tilvísun inni í textanum ásamt o.fl. eða et al. á ensku, hvort sem um er að ræða fyrstu tilvísun eða seinni tilvísanir.

**Heimildaskrá:** Davies, B., Hodnett, E., Hannah, M., O'Brien-Pallas, L., Pringle, D. og Wells, G. (2002). Fetal health surveillance: A community-wide approach versus a tailored intervention of clinical practice guidelines. *CMAJ: Canadian Medical Association Journal*, 167, 469-474.

Ef sex eða sjö höfundar standa að tímaritsgrein þá þarf að telja alla upp í heimildaskrá, eins og í dæminu hér að ofan.

Ef átta eða fleiri höfundar eiga aðild að tímaritsgrein þá skal telja upp sex fyrstu höfundana í heimildaskrá síðan eru settir þrjú punktar og þá síðasti höfundur eins og í eftirfarandi dæmi:

**Heimildaskrá:** Gilbert, D. G., McClernon, J. F., Rabinovich, N. E., Sugai, C., Plath, L. C., Asgaard, G., ... Botros, N. (2004). Effects of quitting smoking on EEG activation and attention last for more than 31 days and are more severe with stress, dependance, DRD2 A1 allele, and depressive traits. *Nicotine and Tobacco Research*, 6, 249-267. doi:10.1080/1462220410001676305

## Fræðileg tímaritsgrein á netinu

Tilvísanir og heimildaskráning rafrænna tímaritsgreina er eins og þegar um prentaðar tímaritsgreinar er að ræða, nema að bæta þarf við svokölluðu DOI-númeri (Digital Object Identifier), ef það er til staðar. Frá árinu 2000 fá fræðilegar tímaritsgreinar úthlutað DOI-númeri sem er kennslakerfi notað fyrir hugverk í stafrænu umhverfi. DOI númerið er varanlegur tengill í hugverkið. Ef tímaritsgrein hefur fengið DOI númer er það oftast að finna á fyrstu blaðsíðu þess, efst eða neðst. Ef DOI númer er til staðar þarf ekki að skrá dagsetningu hvenær greinin var sótt. Ef DOI er ekki til staðar þá er tímaritsgreinin skráð eins og um grein í prentuðu tímariti væri að ræða – þ.e. ekki þarf að skrá URL, né neitt slíkt með tímaritsgrein úr gagnasöfnum eða af netinu.

6. útg. APA staðalsins mælir með að tilgreina **DOI númer** (Digital Object Identifier) tímaritsgreina og skjala ef DOI er til staðar. DOI númerið er varanlegur tengill í viðkomandi grein eða skjal á netinu. Til að opna DOI-tengil þarf að setja **http://dx.doi.org/** fyrir framan DOI númerið. Ef grein eða skjali hefur verið úthlutað DOI númeri er það oftast að finna á fyrstu síðu greinarinnar, efst eða neðst. DOI númer er skráð aftast í heimildaskráningu. Ekkert bil er á milli *doi*: og rununnar sem þar kemur á eftir. **Aldrei** skal setja **punkt** á eftir DOI númeri.

**Tilvísun:** Verkjastillandi meðferð einskorðast við öldrunarsjúkdóma (Kapo, Morrison og Liao, 2007), en ...

**Heimildaskrá með DOI:**

Kapo, J., Morrison, L. J. og Liao, S. (2007). Palliative care for the older adult. *Journal of Palliative Medicine*, 10(1), 185-209. doi:10.1089/jpm.2006.9989

**EÐA:**

Kapo, J., Morrison, L. J. og Liao, S. (2007). Palliative care for the older adult. *Journal of Palliative Medicine*, 10(1), 185-209.  
<http://dx.doi.org/10.1089/jpm.2006.9989>

**Heimildaskrá án DOI:**

Stillick, T. J. og Schutte, N. S. (2006). Emotional intelligence and self-esteem mediate between perceived early parental love and adult happiness. *E-Journal of Applied Psychology*, 2(2), 38-48.

**Fyrirfram birtar fræðilegar tímaritsgreinar (Advanced online publication)**

Stundum eru tímaritsgreinar birtar á netinu áður en þær eru birtar á prentuðu formi. Í þeim tilfellum er ekki hægt að geta árgangs og tölublaðs (vol. issue). Í stað árgangs og tölublaðs kemur þá textinn **Fyrirfram rafræn birting** sé verkefnið á íslensku og **Advanced online publication** sé verkefnið skrifað á ensku. Þessi texti er settur á sama stað í færslu í heimildaskrá og upplýsingar um árgang og tölublað (volume & issue) koma venjulega, þ.e. fyrir aftan titil tímarits, næst á undan doi-númeri sé það til staðar.

**Tilvísun:** (Kristjánsdóttir o.fl., 2013)

**Heimildaskrá:** Kristjánsdóttir, H., Sigurðsson, B. H., Salkovskis, P. M., Ólason, D. T., Evans, C., Gylfadóttir, E. og Siguðsson, J. F. (2013). Evaluation of the psychometric properties of the Icelandic version of the CORE-OM, its transdiagnostic utility and cross cultural validation. *Clinical Psychology & Psychotherapy*. Fyrirfram rafræn birting. doi: 10.1002/ccp.1874

**Fræðilegar tímaritsgreinar sem eru í prentun (In press)**

Stundum þarf að vísa í greinar sem ekki hafa enn komið út á prenti eða eru í prentun. Í þeim tilvikum er ekki hægt að fullyrða um ártal birtingar og því kemur textinn **í prentun** í ártalssvignann sé verið að skrifa á íslensku, en **in press** sé verkefnið skrifað á ensku.

Í þeim tilfellum þar sem notaðar eru nokkrar heimildir eftir sama höfund og þar á meðal heimildir sem eru í prentun, þá raðast slíkar heimildir sem nýjustu heimildirnar. Sjá nánar í kaflanum *Röðun heimilda í heimildaskrá*.

**Tilvísun:** (Briscoe, í prentun)

**Heimildaskrá:** Briscoe, R. (í prentun). Egocentric spatial representation in action and perception. *Philosophy and Phenomenological Research*. Sott 23. apríl 2014 af <http://cogprints.org/5780/1/ECSRAP.F07.pdf>

## Útdráttur fræðilegrar tímaritsgreinar (abstract) sem heimild

Alltaf er mælt með því að vísa frekar í fullan texta heimildar, en þó má vísa í útdrætti (abstrakta) ef þörf er á og greinin er ekki aðgengileg í fullum texta án millisafnaláns.

**Tilvísun:** (Schultz, 2008)

**Heimildaskrá:** Schultz, S. (2008). Acetaminophen (Paracetamol) use, measles-mumps-rubella vaccination, and autistic disorder: The results of a parent survey [útdráttur]. *Autism, 12*(3), 293.

## Greinar úr almennum tímaritum („glanstímaritum“)

**Tilvísun:** (Reymond, 1999)

**Heimildaskrá:** Reymond, N. (1999). Hormones get you down. *Psychology today, 32*(5), 24.

**Tilvísun:** (Sorensen, 2012)

**Heimildaskrá:** Sorensen, C. (2012). A new model for dealing with collapse. *Maclean 's, 125*(6), 34.

Grein án höfundar úr almennum tímariti. Titill greinar kemur í höfundarstað.

**Tilvísun:** („Konur í stjórnnum“, 2015)

**Heimildaskrá:** Konur í stjórnnum nokkura stærstu fyrirtækjanna. (2015). *Frjáls verslun, 73*(5), 118-120.

## Greinar af timarit.is

Greinar á timarit.is eru ýmist úr tímaritum eða dagblöðum. Fylgið því reglum um skráningu tímarita (sjá hér á undan) eða skráningu dagblaða (sjá hér á eftir) og leyfilegt er að láta slóðina fylgja, en það er ekki nauðsynlegt. Athugið þó að prófa hvort slóðir í URL-glugganum á timarit.is vísi á rétt tímarit, árgang, tölublað og blaðsíðutal.

**Tilvísun:** Nokkrum mánuðum fyrir hrún var fyrirséð að íslensku bankarnir væru í frjálsu falli og þá var tekið til við ... (Kári S. Friðriksson, 2008)

**Heimildaskrá:** Kári S. Friðriksson. (2008). Bankarnir í kröppum sjó. *Vísbending, 26*(23), 1-4.

EÐA

Kári S. Friðriksson. (2008). Bankarnir í kröppum sjó. *Vísbending, 26*(23), 1-4. Sótt 8. ágúst 2014 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=5189995](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5189995)

## Dagblöð

Heimildaskráning efnis sem kemur út daglega s.s. dagblaða, á að innihalda ártal, útgáfudag og mánuð tölublaðsins. Einnig verður að geta blaðsíðutals greinar sem er ein síða eða blaðsíðubils greinar sem spannar fleiri en eina síðu. Ef grein spannar fleiri en eina síðu í óreglulegri númeraröð, þá skal telja upp öll blaðsíðutölin með kommu á milli (t.d. bls. 29, 31, 33-34). Einnig þarf að geta sérstaks blaðsíðutals í aukablöðum t.d. B9 eða Aukablað bls. 16.

**Tilvísun (grein með höfundi):** (Fornafn Eftirnafn, Ártal)

**Heimildaskrá (grein með höfundi):** Höfundarnafn / -nöfn. (Ártal, dagur. mánuður). Titill greinar.  
*Titill dagblaðs, blaðsíðutal.*

**Tilvísun (grein án höfundar):** („Titill greinar“, Ártal).

**Heimildaskrá (grein án höfundar):** Titill greinar. (Ártal, dagur. mánuður). *Titill dagblaðs, blaðsíðutal.*

## Dagblaðsgrein (höfundur tilgreindur)

**Tilvísun:** Á næsta áratug mun verða skortur á hjúkrunarfræðingum (Robinson, 2002)

**Heimildaskrá:** Robinson, L. (2002, 10. september). Simple solutions to address nursing labour shortage. *The Hamilton Spectator*, bls. B4.

## Dagblaðsgrein (höfundur ekki tilgreindur)

Greinar í dagblöðum eru oft án höfunda og eru þá skráðar á titil greinarinnar. Þegar skrá þarf á titil og titill greinar er langur, þá má stytta titilinn í tilvísun niður í 3-4 fyrstu orðin í titlinum. Athugið að í tilvísunum er titillinn settur í gæsalappir.

**Tilvísun:** Katla hefur gosið nokkrum sinnum ... („Fyrri Kötlugos“, 1918)

**Heimildaskrá:** Fyrri Kötlugos. (1918, 18. október). *Morgunblaðið*, bls. 2.

**Tilvísun:** Svindl með íslensk kreditkort hafa færst í vöxt ... („Mikið borið á“, 2009).

**Heimildaskrá:** Mikið borið á svindli með íslensk kort. (2009, 16. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 4.

Ef um langan titil er að ræða má stytta hann í tilvísun þ.e. taka fyrstu tvö, þrjú orð í titli og setja í tilvísun.

## Dagblaðsgrein á netinu (höfundur tilgreindur)

**Tilvísun:** Heilann þarf að þjálf (Brody, 2007) ...

**Heimildaskrá:** Brody, J. E. (2007, 11. desember). Mental reserves keep brain agile. *The New York Times*. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.nytimes.com>



## Dagblaðsgrein á netinu (höfundur ekki tilgreindur)

**Tilvísun:** Lyf er hægt að gefa í ýmsu formi svo sem í tyggigúmmí („Medicated gum“, 2002).

**Heimildaskrá:** Medicated gum helpful to seniors. (2002, 19. september). *The Kitchener-Waterloo Record*. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.kitchenerwaterloorecord.com>

Ef um langan titil er að ræða má stytta hann í tilvísun þ.e. taka fyrstu tvö, þrjú orð í titli og setja í tilvísun.

## Case studies

Í viðskiptafræði og öðrum greinum er oft vitnað í svokölluð „case studies“ sem útleggst sem „dæmisaga“ á íslensku. Hér eru nokkur dæmi um skráningar slíkra dæmisaga:

**Tilvísun:** Orðspor eða ávinningur, það er spurningin (Goldberg, 2011)

**Heimildaskrá:** Goldberg, J. D. (2011). Serico budget: Profit versus reputation. Sótt 28. ágúst 2014 af <http://www.supplylogistics.com/casestudies/serico.html>

**Tilvísun:** Flutningur ilmvatna er viðkvæmur (Elm Global Logisitcs, e.d.)

**Heimildaskrá:** Elm Global Logisitcs. (e.d.). Spanish fragrance company uses ELM to manage its US launch. Sótt 28. ágúst 2014 af <http://www.elmlogistics.com/case-studies.html>

**Tilvísun:** Í tilfalli tískuvöruheðjunnar Zöru þá ... (Ghemawat og Nuemo, 2006)

**Heimildaskrá:** Ghemawat, P. og Nuemo, J. L. (2006). *Zara: Fast fashion*. HBS No. 9-703-497. Sótt 28. ágúst 2014 af <http://researchingsustainability.files.wordpress.com/2012/01/zara-harvard-case.pdf>

**EÐA** ef heimildin er í prentuðu formi

Ghemawat, P. og Nuemo, J. L. (2006). *Zara: Fast fashion*. HBS No. 9-703-497. Boston, MA: Harvard Business School.

## Skjöl og skýrslur stofnana og fyrirtækja

Skjöl úr opinberri stjórnýslu s.s. skýrslur, ritraðir, rit og tímarit ráðuneyta, sveitarstjórna eða opinberra stofnana og fyrirtækja, geta verið merkt höfundum (eins og í dæminu hér á eftir), eða geta verið merkt deild, nefnd eða stofnuninni sjálfri (sjá kaflann „Stofnun sem höfundur“).

### Dæmi 1:

**Tilvísun:** Atvinnuleysi á Íslandi virðist fylgja hringrás (Sigurdsson, 2011) ...

**Heimildaskrá:** Sigurdsson, J. (2011). *Unemployment dynamics and cyclical fluctuations in the Icelandic labour market* (Working paper nr. 56). Reykjavík: Central Bank of Iceland.

### Dæmi 2:

**Fyrsta tilvísun:** ... (American Psychological Association [APA], 2005) ...

**Seinni tilvísanir:** ... (APA, 2005) ...

**Heimildaskrá:** American Psychological Association. (2005). *Concise rules of APA style*. Washington, DC: Höfundur.

**Fleiri dæmi:** Canada Royal Commission on Aboriginal Peoples. (1995). *Choosing life: Special report on suicide among Aboriginal people*. Ottawa, Kanada: Ministry of Supply and Services Canada.

Statistics Canada. (1998). *Family expenditure in Canada, 1996* (No. 62-555-XPB). Ottawa, Kanada: Höfundur.

Rit, s.s. ársskýrslur eða stjórnýsluskjöl sem hafa hópa (t.d. stofnanir, fyrirtæki, félög, nefndir) sem höfund, eru oft gefin út af hópnum sjálfum. Í þeim tilfellum er útgefandinn skráður sem höfundur (þ.e. ritað er Höfundur í stað þess að endurtaka heiti höfundar eða stofnunar sem er höfundur ritsins) og útgáfustaðurinn er oft aðsetur höfuðstöðva hópsins eða stofnunarinnar (sjá hér að ofan).

Ef skýrslur og skjöl á netinu hafa persónur, stofnun eða fyrirtæki sem höfund, en eru ekki birtar á vef þeirrar stofnunar eða fyrirtækis sem er höfundur, þá skal tilgreina heiti stofnunar sem birtir skýrsluna/skjalið á undan URL-inu. Heiti stofnunar/fyrirtækis má yfirleitt finna með því að skoða fyrsta hluta URL-sins t.d. í dæminu hér að neðan <http://govinfo.library.unt.edu/> og <http://www.kthi.is/>

National Commission on Terrorist Attacks upon the United States. (e.d.). *The 9/11 commission report*. Sótt 26. september 2012 af vefnum Cyber Cemetery <http://govinfo.library.unt.edu/911/report/911Report.pdf>

Sigurður Þórir Þorsteinsson og Ómar Jóhannsson. (e.d.). *Skýrsla frá 33. ráðstefnu AEFCA, evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins í Króatíu 18.-22. nóvember 2012*. Sótt 9. september 2014 af vefnum Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands [http://www.kthi.is/skrar/file/AEFCA\\_Kroatia\\_2012\(2\).pdf](http://www.kthi.is/skrar/file/AEFCA_Kroatia_2012(2).pdf)

## **Stofnun sem höfundur t.d. á skjölum og skýrslum opinberra stofnana (þ.e. engin einstök persóna/-ur sem höfundur/-ar)**

Algennt er á skjölum opinberra aðila, stofnana, félaga og fyrirtækja að engin einstök persóna sé skráð sem höfundur, heldur er stofnunin í heild sinni skráð sem höfundur.

### **Dæmi um ársskýrslu fyrirtækis::**

**Tilvísun:** Erlendar eignir og skuldir fyrirtækisins voru ... (Marel, 2013)

**Heimildaskrá:** Marel. (2013). *Financial statements for 2013*. Sótt 27. ágúst 2014 af <http://ar2013.marel.com/Media/AnnualReportBrochureMarel2013.pdf?ind=corporate>

**EDA** ef heimildin er í prentuðu formi

Marel. (2013). *Financial statements for 2013*. Reykjavík: Höfundur.

### **Heimild frá Seðlabanka Íslands – sérrit:**

**Tilvísun:** Erlendar eignir og skuldir íslenska ríkisins voru ... (Seðlabanki Íslands, 2013)

**Heimildaskrá:** Seðlabanki Íslands. (2013). Undirliggjandi erlend staða og greiðslujöfnuður. Í *Seðlabanki Íslands - Sérrit nr. 9*. Sótt 28. maí 2013 af [http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20209%20\\_Undirliggjand%20erlend.pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/S%C3%A9rrit/S%C3%A9rrit%20nr%20209%20_Undirliggjand%20erlend.pdf)

**EDA** ef heimildin er í prentuðu formi

Seðlabanki Íslands. (2013). Undirliggjandi erlend staða og greiðslujöfnuður. Í *Seðlabanki Íslands - Sérrit nr. 9*. Reykjavík: Höfundur.

### **Heimild frá Seðlabanka Íslands - Peningamál:**

**Tilvísun:** Í yfirlýsingu peningastefnunefndar ... (Seðlabanki Íslands, 2014)

**Heimildaskrá:** Seðlabanki Íslands. (2014). Yfirlýsing peningastefnunefndar 20. ágúst 2014. *Peningamál*, (3), 3-4. Sótt 27. ágúst 2014 af [http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/Peningam%C3%A1l/2014/%C3%81g%C3%BAst-2014/Vefutgafa\\_20.08.14.pdf](http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/Peningam%C3%A1l/2014/%C3%81g%C3%BAst-2014/Vefutgafa_20.08.14.pdf)

**EDA** ef heimildin er í prentuðu formi

Seðlabanki Íslands. (2014). Yfirlýsing peningastefnunefndar 20. ágúst 2014. *Peningamál*, (3), 3-4. Reykjavík: Höfundur.

### **Heimildir frá Hagstofu Íslands:**

**Tilvísun:** Fjárhagur íslenskra heimila er ... (Hagstofa Íslands, 2013) ...

**Heimildaskrá:** Hagstofa Íslands. (2013). Fjárhagsstaða heimilanna 2012. *Hagtíðindi: Laun, tekjur og vinnumarkaður*, 98(9), 1-20. Sótt 28. maí 2013 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=14985>

**EÐA** ef heimildin er í prentuðu formi

Hagstofa Íslands. (2013). Fjárhagsstaða heimilanna 2012. *Hagtíðindi: Laun, tekjur og vinnumarkaður*, 98(9), 1-20.

**Tilvísun:** Húsnæðiskostnaður íþyngdi færri Íslendingum árið 2011, en árið 2006 (Hagstofa Íslands, 2012)

**Heimildaskrá:** Hagstofa Íslands. (2012). *Húsnæðiskostnaður íþyngir verulega 11% landsmanna*, Frétt nr. 85/2012. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9034>

### **Heimildir frá Evrópusambandinu (European Union):**

**Meginregla – tilvísun:** ... (Nafn stofnunar, ártal) ...

**Meginregla – heimildaskrá:** European Union, Nafn stofnunar/skrifstofu/nefndar innan Evrópusambandsins. (Ártal). *Titill heimildar*. Sótt dagur. mánuður ár af <http://www.xxx.xxx>

**EÐA** ef heimildin er í prentuðu formi

European Union, Nafn stofnunar/skrifstofu/nefndar innan Evrópusambandsins. (Ártal). *Titill heimildar*. Útgáfustaður: Útgefandi.

**EÐA:**

**Meginregla – tilvísun:** ... (Titill tilskipunar/ákvörðunar og númer) ...

**Meginregla – heimildaskrá:** Titill tilskipunar/ákvörðunar, númer og undirtitill. *Titill heimildar sem hýsir tilskipunina*. Sótt dagur. mánuður ár af <http://www.xxx.xxx>

**EÐA** ef heimildin er í prentuðu formi

Titill tilskipunar/ákvörðunar, númer og undirtitill. *Titill heimildar sem hýsir tilskipunina*. Útgáfustaður: Útgefandi.

**Heimildir frá Evrópusambandinu, frh.:**

**Tilvísun:** ... (European Union, European Commission for the Environment, 2009) ...

**Heimildaskrá:** European Union, European Commission for the Environment. (2009). *Adapting to climate change: Towards a European framework for action* (White Paper 52009DC0147). Sótt 3. júní 2013 <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2009:0147:FIN:EN:HTML>

**Tilvísun:** ... (Decision of the EEA joint committee no. 29/2013) ...

**Heimildaskrá:** Decision of the EEA joint committee no. 29/2013 amending Annex XXII (Company Law) to the EEA agreement. *Official Journal of the European Union*, L 144/35. Sótt 3. júní 2013 af <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2013:144:0035:0035:EN:PDF>

**Tilvísun:** ... (TNS Opinion & Social, 2010) ...

**Heimildaskrá:** TNS Opinion & Social. (2010). *Tobacco* (Special Eurobarometer No. 332). European Commission . Sótt 27. ágúst 2014 af [http://ec.europa.eu/public\\_opinion/archives/ebs/ebs\\_332\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/public_opinion/archives/ebs/ebs_332_en.pdf)

**Heimildir frá Sameinuðu þjóðunum (United Nations):**

**Meginregla – tilvísun:** ... (Titill samþykktar/ályktunar (e. resolution) og númer) ...

**Meginregla – heimildaskrá:** Titill samþykktar/ályktunar, *stofnun Sameinuðu þjóðanna sem við á (General Assembly/Alsherjarþing EFTA Security Council/Öryggisráðið, EFTA ...)* númer samþykktar/ályktunar, skammstöfun útgefanda (UN GAOR fyrir Alsherjarþingið, UN SCOR fyrir Öryggisráðið), fundur (session/meeting), númer viðauka (supplement) – þegar við á, UN númer skjalsins. Slóð þegar við á

**Tilvísun:** ... (Universal realization of the right of peoples to self-determination, 38/16) ...

**Heimildaskrá:** Universal realization of the right of peoples to self-determination. *United Nations General Assembly* 38/16. UN GAOR, 38th session, supplement 47, U.N. Doc. A/38/47 (1983). Sótt 3. júní 2013 af <http://www.un.org/documents/ga/res/38/a38r016.htm>

**Tilvísun:** ... (Resolution on the United Nations operation in Cyprus, 2089) ...

**Heimildaskrá:** Resolution on the United Nations operation in Cyprus. *United Nations Security Council* 2089. UN SCOR, 6908th meeting, U.N. Doc. S/RES/2089. (2013). Sótt 3. júní 2013 af [http://www.un.org/ga/search/view\\_doc.asp?symbol=S/RES/2089%282013%29](http://www.un.org/ga/search/view_doc.asp?symbol=S/RES/2089%282013%29)

### **Íslensk þýðing á alþjóðasamningi:**

Ísland hefur undirritað fjölda alþjóðasamninga en ekki allir hafa verið fullgiltir. Við fullgildingu er ríkið skuldbundið þeim samning að þjóðarrétti. Það getur verið snúið að komast að því hvort Ísland hafi fullgilt alþjóðasamning sem undirritaður hefur verið. Því skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar þegar íslensk þýðing á alþjóðasamningi er notuð sem heimild.

**Meginregla – tilvísun:** ... (*Titill alþjóðasamnings, ártal á heimildinni sjálfri*) ...

**Meginregla – heimildaskrá:** *Titill alþjóðasamnings* [dagsetning undirritunar alþjóðasamningsins ef dagsetning liggur fyrir]. (ártal á heimildinni sjálfri). Stofnun sem hýsir alþjóðasamninginn. Sótt dagur. mánuður ár af <http://www.xxx.xxx>

**Tilvísun:** ... (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, 2013) ...

**Heimildaskrá:** *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* [undirritaður 30. mars 2007]. (2013). Innanríkisráðuneytið. Sótt 24. ágúst 2015 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding--lokaskjal.pdf>

**Tilvísun:** ... (*Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna*, 1985) ...

**Heimildaskrá:** *Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna*. (1985). Utanríkisráðuneytið. Sótt 24. ágúst 2015 af [http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Thjodrettarfr/Hafrettarsamningur\\_islenska.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Thjodrettarfr/Hafrettarsamningur_islenska.pdf)

**Tilvísun:** ... (*Samningur gegn misnotkun lyfja í íþróttum*, 1991) ...

**Heimildaskrá:** *Samningur gegn misnotkun lyfja í íþróttum – SES 135* [undirritaður 16. nóvember 1989]. (1991). Utanríkisráðuneytið. Sótt 24. ágúst 2015 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/EvrSamningar/nr/565>

Ef vísað er í alþjóðasamninga í Lagasafni alþingis má nota samskonar heimildaskráningu eins og um lög sé að ræða:

**Tilvísun:** ... (*Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis*, nr. 14/19) ...

**Heimildaskrá:** *Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis* nr. 14/1968

## Stofnanir sem þekktar eru undir skammstöfun sinni

Ef stofnunin eða félagið er þekkt undir skammstöfun sinni (eins og í dæminu hér að neðan), skal setja fullt heiti stofnunarinnar í svigann í fyrsta skipti sem vísað er í heimildina, ásamt skammstöfun í hornklofa, en í seinni tilvísunum skal nota skammstöfunina.

**Fyrsta tilvísun:** Forðast skal eins og mögulegt er að nota hlutdrægt orðalag ... (American Psychological Association [APA], 2005) ...

**Seinni tilvísanir:** ... (APA, 2005) ...

## Einstaklingur sem höfundur á stjórnsýsluskjölum

**Tilvísun:** Erlendir ríkisborgarar á Íslandi eru flestir fæddir erlendis (Ómar S. Harðarson, 2010).

**Heimildaskrá:** Ómar S. Harðarson. (2010). Athugun á búferlaflutningum til og frá Íslandi 1961–2009. *Hagtíðindi*, 94(67), 1-24. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11238>

## Rannsóknarskýrsla Alþingis

Rannsóknarskýrsla Alþingis fjallar um aðdraganda og fall íslensku bankanna árið 2008 og var unnin af Rannsóknarnefnd Alþingis og gefin út í 9 bindum á prenti árið 2010. Einnig voru viðaukar 5 til 12 gefnir út rafrænt eingöngu. Skýrslunni var ritstýrt af þriggja manna ritstjórn, en 8. og 9. bindi voru skrifuð af aðilum utan ritstjórnar.

Dæmi um skráningu 1. til 7. bindis (tekið af netinu):

**Tilvísun:** ... (Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 2010) ...

**Heimildaskrá:** Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.). (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (4. bindi). Sótt 25. maí 2013 af <http://www.rna.is/media/skjol/RNABindi4.pdf>

Hér er dæmi um skráningu á 8. bindi skýrslunnar (prentað eintak):

**Tilvísun:** (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010) ...

**Heimildaskrá:** Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (8. bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

Dæmi um skráningu á viðauka 5 við skýrsluna sem birtist einungis á vef. Á viðaukanum var hvergi getið um ritstjórn og ritstjórnar því ekki getið í heimildaskráningunni:

**Tilvísun:** ... (Magnús Helgi Sveinsson, 2010) ...

**Heimildaskrá:** Magnús Helgi Sveinsson. (2010). Íslenskt viðskiptalíf – breytingar og samspil við fjármálakerfið. Í *Viðauki 5: Birtur með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis* [aðeins birt á vef]. Sótt 14. nóvember 2012 af <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNAvefVidauki5.pdf>

### Dæmi um skráningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð:

**Tilvísun:** ... (Sigurður Hallur Stefánsson, Kristín Þ. Flygenring og Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2013) ...

**Heimildaskrá:** Sigurður Hallur Stefánsson, Kristín Þ. Flygenring og Jón Þorvaldur Heiðarsson (ritstj.). (2013). *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð o.fl.* (3. bindi). Sótt 28. ágúst 2014 af [http://www.rna.is/media/myndir/RNAib\\_bindi3\\_092013.pdf](http://www.rna.is/media/myndir/RNAib_bindi3_092013.pdf)

**EDA** ef heimildin er í prentuðu formi

Sigurður Hallur Stefánsson, Kristín Þ. Flygenring og Jón Þorvaldur Heiðarsson (ritstj.). (2013). *Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð o.fl.* (3. bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.



## Lög, reglugerðir og þingskjöl

**Fyrsta tilvísun:** Opinberir háskólar skulu ... (*Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008*)

Eða inni í meginmáli: Samkvæmt Lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, skulu þeir ...

Í seinni tilvísunum nægir oftast að geta heitis laga, nema ef það gæti valdið ruglingi; þá skal einnig geta laganúmers.

**Seinni tilvísanir:** ... (*Lög um opinbera háskóla*) ...

**Heimildaskrá:** *Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.*

Ef vísað er í lög með áorðnum breytingum skal geta breytinganna í fyrstu tilvísun og í heimildaskrá, ef breytingarnar skipta máli.

**Heimildaskrá:** *Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 með áorðnum breytingum 50/2010, 126/2011 og 171/2011.*

Um reglugerðir gilda sömu skráningareglur og um lög.

**Fyrsta tilvísun:** Veiting lækningaleyfa ... (*Reglugerð um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa nr. 311/1986*) ...

**Heimildaskrá:** *Reglugerð um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa nr. 311/1986.*

## Alþingistíðindi

Þingskjöl, frumvörp og greinargerðir eru birt í Alþingistíðindum; þingskjölin í A-deild, og ræður og umræður úr þingsölum í B-deild.

Þegar vísað er í A-deild Alþingistíðinda er þingsjalið aðalatriðið og þess getið í stað höfundar. Þar á eftir kemur ártal þess árs sem þingið er haldið. Í heimildaskrá þarf að auki nafn þingskjals eins ítarlegt og mögulegt er. Loks kemur titill ritsins sem birtir skjalið, þ.e. Alþingistíðindi A-deild ásamt númeri löggjafarþingsins. Ef vísað er í prentútgáfu skal geta blaðsíðunúmers og í vefútgáfu er gott að geta greinanúmers, ef um langt skjal er að ræða.

**Tilvísun:** Í frumvarpi til tollalaga kemur fram ... (Þingskjal 1602, 2003-2004, 7. gr.)

**Heimildaskrá:** Þingskjal 1602. (2003-2004). Frumvarp til tollalaga. *Alþingistíðindi A-deild, 130.* Sótt 24. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/130/s/1602.html>

Þegar vísað er í B-deild Alþingistíðinda er nafn ræðumanns aðalatriðið og nafnsins getið í höfundarstað. Að öðru leyti er heimildaskráning eins og skjala úr A-deild Alþingistíðinda.

**Tilvísun:** Í umræðu um innleiðingu EES-gerða kemur fram ... (Björn Bjarnason, 2004-2005)

**Heimildaskrá:** Björn Bjarnason. (2004-2005). Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn um innleiðingu EES-gerða. *Alþingistíðindi B-deild, 131.* Sótt 24. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20050509T104425.html>

Ef vísað er í prentútgáfu Alþingistíðinda B-deildar kemur dálkatal í stað slóðarinnar:

**Heimildaskrá:** Björn Bjarnason. (2004-2005). Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn um innleiðingu EES-gerða. *Alþingistíðindi B-deild, 131, 7786-7787.*

## Stjórnartíðindi

Í A-deild Stjórnartíðinda eru birt öll lög, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur sem Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

Í B-deild Stjórnartíðinda eru birtar reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, skrá yfir félag, firmu og vörumerki, ásamt reglum sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum er falið að gefa út.

Í C-deild Stjórnartíðinda eru birtir samningar við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

Þegar vísað er í Stjórnartíðindi má hafa form um *tímaritsgrein án höfundar* til hliðsjónar, en þó gæta þess að númer skjalsins komi fram:

**Tilvísun:** Reikningsskilaaðferðir sem beitt er ... („Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða“, 2015)

**Heimildaskrá:** Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. (2015). *Stjórnartíðindi B-deild, nr. 335*. Sótt 23. ágúst 2015 af <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4e14f4b5-ada7-4c78-9fcf-e82c32f65b2a>

## Dómar

### Hæstaréttardómar

Vitnað er í hæstaréttardóm númer 125 frá 19. desember árið 2000 þar sem Tryggingastofnun ríkisins höfðaði mál gegn Öryrkjabandalagi Íslands.

**Tilvísun:** ... (Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000) ...

**Heimildaskrá:** Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000. *Tryggingastofnun ríkisins g. Öryrkjabandalagi Íslands.*

### Héraðsdómar

Vitnað er í dóm héraðsdóms Vesturlands frá 26. nóvember 2013 í máli nr. E-1/2013 þar sem Jóna Jónsdóttir höfðaði mál gegn Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

**Tilvísun:** ... (Héraðsdómur Vesturlands 26. nóvember 2013 í máli nr. E-1/2012) ...

**Heimildaskrá:** Héraðsdómur Vesturlands 26. nóvember 2013 í máli nr. E-1/2012. *Jóna Jónsdóttir g. Heilbrigðisstofnun Vesturlands.*

## Tölfræðiheimildir (m.a. töflur frá Hagstofu Íslands)

**Tilvísun – meginregla:** (Höfundur, ártal) – ATH að höfundur er oft hópur, s.s. stofnun, fyrirtæki ...

**Heimildaskrá – meginregla:** Höfundur. (Ártal). *Titill gagnasetts, töflu, línurits, myndar* [tegund tölfræði s.s. tafla, línurit, mynd ...]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.xxx.xx>

Dæmi um skráningu tölfræði sem sótt er hjá aðila sem **aflaði** upplýsinganna:

**Tilvísun:** Þorskaflí síðustu áratuginna hefur rýrnað um .... (Hagstofa Íslands, 2010)

**Heimildaskrá:** Hagstofa Íslands. (2010). *Afli og verðmæti eftir tegundum og veiðisvæðum 1993-2009* [tafla]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://hagstofa.is/>

**Heimildaskrá:** OECD. (2010). *OECD Factbook 2010: Economic, environmental and social statistics, energy, energy production and prices, oil prices*. doi:10.1787/18147364

Dæmi um skráningu tölfræði sem sótt er hjá aðila sem **tók saman** upplýsingarnar (sjálfsagt er að geta í megintextanum hver frumheimildin er s.s. Hagstofa Íslands, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn):

**Heimildaskrá:** DataMarket. (e.d.). *Útstreymi brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>) eftir uppruna 1990-2008* [tafla]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://data.is/owTufE>

**Heimildaskrá:** DataMarket. (e.d.). *Unemployment with tertiary education (% of total unemployment) [1980-2009]* [tafla]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://data.is/q8YLlL>

**Heimildaskrá:** DataMarket. (2011). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2011, Erlendar skuldir* [tafla]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://data.is/roqosm>

**Heimildaskrá:** DataMarket. (2011). *Erlendar skuldir [1989-2011]* [línurit]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://data.is/qSTup3>

**Heimildaskrá:** DataMarket. (e.d.). *IMF Real GDP Growth Forecast For Iceland[2004-2014]* [línurit]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://data.is/reI31F>

## Staðlar og handbækur

Staðlar og handbækur eru oftast án höfunda og skrást sem slíkar.

**Dæmi um skráningu á byggingastaðli frá Staðlaráði Íslands:**

**Tilvísun:** Gerðir raflagnadreifikerfa á Íslandi eru margvíslegar (Staðlaráð Íslands, 2010).

**Heimildaskrá:** Staðlaráð Íslands. (2012). *Staðalvísir: Raflagnir bygginga: Handbók um ÍST 200:2006*. Reykjavík: Rafstaðlaráð - RST.

Ef vísað er í staðal á netinu, látið fulla slóð (URL) fylgja með skráningu í heimildaskrá, og sleppið að geta útgáfustaðar og útgefanda.

### **Dæmi um skráningu á handbók um greiningu og tölfræði geðraskana:**

**Fyrsta tilvísun:** (American Psychological Association. *Diagnostic and statistical manual of mental disorders: DSM-IV-TR*, 2000).

Í fyrstu tilvísun er skráð sú stofnun sem er höfundur að handbókinni ásamt fullum titili bókarinnar, ártali og blaðsíðutali, sé blaðsíðutal notað.

**Seinni tilvísanir:** (*DSM-IV-TR*, 2000)

Í seinni tilvísunum er nóg að nota þekktu skammstöfun handbókarinnar ásamt ártali og blaðsíðutali, sé blaðsíðutal notað.

**Heimildaskrá:** American Psychological Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders: DSM-IV-TR* (4. útg. endursk.). Washington, DC: Höfundur.

Ef vísað er í netútgáfu bókarinnar sem fengið hefur doi-númer, er doi-númerið skráð í stað útgáfustaðar og forlags aftast í færslunni.

## **Ráðstefnurit og ráðstefnufyrirlestrar, málþingsrit og málþingsfyrirlestrar**

Ráðstefnurit og -fyrirlestrar eru ýmist birt í bókarformi eða tímaritsformi. Notið viðeigandi tilvísunar- og heimildaskráningarform eftir því hvort um er að ræða bók eða tímarit.

**Fyrirlestur í safnríti:** Höfundur /-ar fyrirlesturs. (Ártal). Titill fyrirlesturs. Í Nafn ritstjóra (ritstj.), *Titill ráðstefnu eða málþings* (bls. x-xx). Útgáfustaður: Útgefandi.

**Stakur fyrirlestur:** Höfundur fyrirlesturs. (mánuður, ártal). *Titill fyrirlesturs*. Fyrirlestur haldinn á ráðstefnu/málþingi Nafn félags/samtaka, Staður.

Fleiri dæmi er að finna á bls. 206 í *Publication Manual of the American Psychological Association 6*. útg., sem er til afnota á bókasafni HR.

## Lokaritgerðir

Almennt er ekki mælt með að nota lokaritgerðir sem heimildir, sérstaklega ekki ritgerðir úr grunnnámi, þ.e. BA- eða BSc-ritgerðir, þó heimildaskrár lokaritgerða geti vissulega vísað á nothæfar heimildir.

### Heimildaskrá – meginregla:

**Ef ritgerð er aðgengileg rafrænt:** Höfundur. (Ártal). *Titill lokaritgerðar* (BA-ritgerð / BSc-ritgerð / Meistararitgerð / MA-ritgerð / MSc-ritgerð / Doktorsritgerð). Nafn háskóla, Deild. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://xxx.xxx.xxx.xxxxx.xxx>

**Ef ritgerð er ekki aðgengileg rafrænt:** Höfundur. (Ártal). *Titill lokaritgerðar* (óbirt BA-ritgerð / BSc-ritgerð / Meistararitgerð / MA-ritgerð / MSc-ritgerð / Doktorsritgerð). Nafn háskóla, Deild.

Fleiri dæmi er að finna á bls. 207-208 í *Publication Manual of the American Psychological Association* 6. útg., sem er til afnota á bókasafni HR.

6. útg. APA staðalsins er frá árinu 2010 og inniheldur nýjar leiðbeiningar um skráningu heimilda á vefnum. Athugið að Gagnfræðakverið byggir á 5. útgáfu APA staðalsins sem gefinn var út árið 2001.

## Vefsíður

### Tilvísun - meginregla:

a) Höfundar er getið:

Starf hjúkrunarfræðings er mikil áskorun ... (Höfundur, ártal).

b) Höfundar er ekki getið:

Starf hjúkrunarfræðings er mikil ... (Stofnun/fyrirtæki sem stendur að vefnum, ártal)

#### EÐA

Starf hjúkrunarfræðings er mikil áskorun („Titill vefsíðu“, ártal).

### Heimildaskrá - meginregla:

a) Höfundar er getið:

Höfundur. (Ártal). Titill vefsíðu. Sótt dagur. mánuður ár af <http://www.xxx.xx/xxxx.xxx.xx>

b) Höfundar er ekki getið:

Stofnun/fyrirtæki sem stendur að vefnum. (Ártal). Titill vefsíðu. Sótt dagur. mánuður ár af <http://www.xxx.xx>

#### EÐA

Titill vefsíðu. (Ártal). Sótt dagur. mánuður ár af <http://www.xxx.xx>

### Heimildaskrá:

Jón Eiríksson. (e.d.). Umhverfisstefna Akureyrar. Sótt 23. ágúst 2012 af [http://www.ust.is/umhverfisstefna\\_akureyrar/](http://www.ust.is/umhverfisstefna_akureyrar/)

Bjarni Harðarson. (2009, 6. febrúar). Flokkakerfið ræktar illgresið. Sótt 29. maí 2012 af <http://smugan.is/2009/02/flokkakerfid-raektar-illgresid/>

Reiknistofa bankanna. (e.d.). Mannauður. Sótt 29. maí 2012 af <http://www.rb.is/um-rb/mannaundur/>

Athugið að höfundur heimildar, t.d. skýrslu á vefnum, getur verið hópur s.s. stofnun, fyrirtæki, nefnd eða annað. Sjá einnig kaflann **Skjöl og skýrslur stofnana og fyrirtækja**.

Ef engan höfund er að finna að vefsíðu (hvorki einstakling eða stofnun), þá byrjar tilvísun og heimildaskráning á titli vefsíðunnar, og titill síðunnar settur innan gæsalappa í tilvísuninni (sjá dæmi um tilvísanir hér að ofan).

Ef vísað er í vefsíðu á vef stofnunar/fyrirtækis sem hefur engan höfund, þá byrjar bæði tilvísun og heimildaskráning á nafni stofnunar/fyrirtækis (eins og í dæminu hér að ofan Reiknistofa bankanna).

Ef enga dagsetningu er að finna á vefsíðu er sett e.d. í ártals-svigann sem stendur fyrir *engin dagsetning* (n.d. fyrir *no date*, ef skrifað er á ensku).

**Slóð** vefsíðu á **ekki** að vera **undirstrikuð né blá**

(í Word-forritinu PC-tölvur; hægri smella á tengil og *Remove hyperlink*)

(í Word-forritinu Mac-tölvur; hægri smella á tengil, *Hyperlink*, *Edit hyperlink*, *Remove link*).

## Myndir af netinu

Oft þarf að nota myndefni ýmiskonar (myndir, töflur, gröf ...) til skýringar í verkefnum. Skráning slíkra heimilda fylgir venjulegri heimildaskráningu. Í tilvísun inni í texta, þarf að skrá höfund myndefnis (sem getur verið stofnun), ártal og tegund myndefnis. Tilvísunin þarf að vera annað hvort í myndatextanum undir myndinni sjálfri, eða í tilvísun sem fylgir myndefninu. Í heimildaskrá þarf að skrá heimildina á sem nákvæmastan hátt þannig að nálgast megi heimildina hvort heldur hún er á prentuðu eða rafrænu formi. Athugið að skráning mynda sem heimilda er sett inn í heimildaskrá með öðrum heimildum.

**Tilvísun – meginregla:** (Höfundur/Titill myndar, ártal, númer myndefnis á vefsíðunni )

**Heimildaskrá – meginregla:** Höfundur. (Ártal). Titill myndar. *Titill vefs sem myndin tilheyrir* [tegund myndefnis]. Sótt 23. ágúst 2014 af <http://www.xxx.xx>

*Dæmi um skráningu myndar af vefsíðu – höfundar getið:*

**Tilvísun í eða undir myndatexta:** (Chaffey, 2010, mynd 2)

**Heimildaskrá:** Chaffey, D. (2010). Digital marketing radar. *Smartinsights* [stafræn mynd]. Sótt 23. ágúst 2014 af <http://www.smartinsights.com/digital-marketing-strategy/customer-acquisition-strategy/prioritising-digital-marketing-radar/>

**Tilvísun í eða undir myndatexta:** (Westinghouse Electric Corporation, 2009)

**Heimildaskrá:** Westinghouse Electric Corporation. (2009). Lightning model. *National geographic* [stafræn mynd]. Sótt 23. ágúst 2014 af <http://photography.nationalgeographic.com/photography/photo-of-the-day/lightning-model-pod-best09>

*Dæmi um skráningu myndar af vefsíðu – höfundar ekki getið:*

**Tilvísun í eða undir myndatexta:** („Examples of “, e.d., mynd 2.1)

**Heimildaskrá:** Examples of the dynamic external environment of HRM. (e.d.). Introduction to human Resources. *New Charter University* [stafræn mynd]. Sótt 23. ágúst 2014 af <http://new.edu/resources/developing-and-implementing-strategic-hrm-plans>

**Tilvísun í eða undir myndatexta:** („Cognitive behavioral therapy “, e.d., mynd 1)

**Heimildaskrá:** Cognitive behavioral therapy. (e.d.). *Creations mind body* [stafræn mynd]. Sótt 23. ágúst 2014 af <http://creationsmindbody.com/bond-therapeutics-2/cognitive-behavioral-therapy>

Dæmi um skráningu myndar - hvorki höfundur né titill:

**Tilvísun í eða undir myndatexta:** ([Ótitluð ljósmynd af simpansaunga], e.d., mynd 1)

**Heimildaskrá:** [Ótitluð ljósmynd af simpansaunga] [stafræn mynd]. (e.d.). Sótt 23. ágúst 2014 af <http://jdr.pagesperso-orange.fr/struc/chimp3.htm>

Dæmi um skráningu á tölum úr töflu (sjá einnig dæmi bls. 7):

**Tilvísun í eða undir myndatexta:** (Caswell, Morgan og Duka, 2013, tafla 1, röð 13)

**Heimildaskrá:** Caswell, A. J., Morgan, M. J. og Duka, T. (2013). Inhibitory control contributes to „motor“ – but not „cognitive“ – impulsivity. *Experimental Psychology*, 60(5), 324-334. [tafla]. doi: 0.1027/1618-3169/a000202

## Hljóð- og myndefni

### Útvarpsefni

Skráið nöfn helstu aðila sem að efninu standa s.s. handritshöfunda, fréttamanna, framleiðenda. Skráið einnig dagsetningu útsendingar, titil þáttar, tegund efnis, framleiðslustað og framleiðslufyrirtæki.

**Tilvísun:** Umhverfismálastofnun er .... (Hanna G. Sigurðardóttir og Leifur Hauksson, 2014) ...

**Heimildaskrá:** Hanna G. Sigurðardóttir og Leifur Hauksson (dagskrárgerðarmenn). (2014, 8. september). *Samfélagið: Umhverfismál* [útvarpsþáttur]. Sótt 9. september 2014 af vefnum RÚV <http://www.ruv.is/sarpurinn/samfelagid-umhverfismal/08092014>

### Viðtöl

Viðtöl sem ekki eru aðgengileg lesanda texta flokkast sem munnleg heimild og skrást ekki í heimildaskrá, heldur er einungis gerð tilvísun inni í texta (sjá kaflann **Munnlegar heimildir** hér á eftir). Hins vegar eru viðtöl sem aðgengileg eru t.d. á netinu skráð í heimildaskrá, eins og sýnt er í eftirfarandi dæmum.

**Tilvísun:** Innanríkisráðherra segist .... (Hanna Birna Kristjánsdóttir, 2014) ...

**Heimildaskrá:** Hanna Birna Kristjánsdóttir (viðmælandi). (2014, 2. ágúst). *Lekamálið pólitískar ofsóknir* (Sunna Valgerðardóttir fréttamaður) [viðtal]. Sótt 25. mars 2013 af vefnum RÚV <http://www.ruv.is/frett/lekamalid-politiskar-ofsoknir-vidtal>

**Tilvísun:** Seðlabankastjóri telur .... (Már Guðmundsson, 2013) ...

**Heimildaskrá:** Már Guðmundsson (viðmælandi). (2013, 17. febrúar). *Sprengisandur: Már Guðmundsson segir að styttest í losun* (Sigurjón M. Egilsson dagskrárgerðarmaður) [útvarpsviðtal]. Sótt 25. mars 2013 af vefnum Vísir <http://visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP16998>



## Podcasts/hlaðvarp

**Tilvísun:** Í rapptexta (Van Nuys, 2007) segir ...

**Heimildaskrá:** Van Nuys, D. (framleiðandi). (2007, 19. desember). Shrink rap radio [hlaðvarp]. Sótt af <http://www.shrinkrapradio.com/>

## Sjónvarpsefni

Skráið nöfn helstu aðila sem að efninu standa s.s. handritshöfunda, fréttamanna, framleiðenda. Skráið einnig dagsetningu útsendingar, titil þáttar, tegund efnis, framleiðslustað og framleiðslufyrirtæki.

**Tilvísun:** Eins og fram kemur í *Kastljósi* (Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, 2012) ...

**Heimildaskrá:** Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir (dagskrárgerðarmaður). (2012, 22. maí). Með rafskaut grædd í þindina [þáttur í fréttþáttaröð]. Í Sigmar Guðmundsson (ritstj.), *Kastljós*. Reykjavík: RÚV.

**Heimildaskrá:** Safer, M. (dagskrárgerðarmaður) og Browning, D. (framleiðandi). (2012, 20. maí). The many faces of Meryl Streep [þáttur í fréttþáttaröð]. Í *60 minutes*. New York, NY: CBS. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.cbsnews.com/video/watch/?id=7409140n&tag=contentMain;contentAux>

Egan, D. (handritshöfundur) og Alexander, J. (leikstjóri). (2005). Failure to communicate [þáttur í sjónvarpsþáttaröð]. Í D. Shore (framleiðandi), *House*. New York, NY: Fox Broadcasting.

## Kvikmyndir

**Heimildaskrá - meginregla:** Nafn leikstjóra og/eða framleiðanda (leikstjóri/framleiðandi). (Ártal). *Titill kvikmynda* [kvikmynd]. Upprunaland: Framleiðslufyrirtæki.

**Tilvísun:** Geðklofa einstaklingar eru oft haldnir miklum ranghugmyndum (Howard, 2001) ...

**Heimildaskrá:** Howard, R. (leikstjóri). (2001). *A beautiful mind* [kvikmynd]. Bandaríkin: Universal Pictures.

**Tilvísun:** Heimilisofbeldi er oftast falið fyrir utanaðkomandi aðilum (Belson, 1995) ...

**Heimildaskrá:** Belson, J. (framleiðandi). (1995). *Domestic violence: Identification, treatment and referral for the healthcare professional* [heimildamynd]. Glendale, CA: Belson/Harwright.

## Mynddiskar og myndskleið

- Tilvísun:** Sálfræðingar verða ávallt að vera meðvitaðir um líðan og tilfinningar sjúklinga sinna (American Psychological Association, 2000) ...
- Heimildaskrá:** American Psychological Association (framleiðandi). (2000). *Responding therapeutically to patient expressions of sexual attraction* [mynddiskur]. Sótt 3. júní 2013 á <http://www.apa.org/videos>
- Tilvísun:** Lífslíkur fólks með geðsjúkdóma eru verri en þeirra sem ekki þjást af geðsjúkdómum (Patel, 2012) ...
- Heimildaskrá:** Patel, V. (fyrirlesari). (2012). *Mental health for all by involving all* [myndskleið]. Sótt 3. júní 2013 á [http://www.ted.com/talks/vikram\\_patel\\_mental\\_health\\_for\\_all\\_by\\_involving\\_all.html](http://www.ted.com/talks/vikram_patel_mental_health_for_all_by_involving_all.html)

## YouTube myndskleið

Flest myndskleið á YouTube eru birt undir „skjánafni“ (e. screen name), sem er þá sett í höfundarstað.

- Heimildaskrá – meginregla:** Skjánafn. (ártal, dagur, mánuður). *Titill myndskleiðs* [myndskleið]. Sótt dags. af <http://www.youtube.com/xxx.xxx>
- Heimildaskrá:** Piroozi1389. (2010, 6. júlí). *Failure to protect Iranian people's human rights* [myndskleið]. Sótt 4. júní 2013 af <https://www.youtube.com/watch?v=XGgqo-vzIAI>

Ef myndskleið er birt undir nafni þá er það nafn að sjálfsgöðu sett í höfundarstað.

- Heimildaskrá:** Luepke, N. (2010, 23. júní). *Citing a website with an author, APA* [myndskleið]. Sótt 4. júní 2013 af <https://www.youtube.com/watch?v=35rzda83hd8>

## Forrit og smáforrit (öpp)

Skráning forrita og appa fer eftir almennum skráningarreglum. Í tilvísun; höfundur/rétthafi, ár og í heimildaskrá nákvæm skráning heimildar. Athugið að höfundur eða rétthafi getur verið persóna eða stofnun/fyrirtæki.

- Tilvísun – meginregla:** ... (rétthafi, ártal) ...
- Heimildaskrá – meginregla:** Rétthafi. (Ártal). Titill forrits/apps (nr. útgáfu) [forrit/app]. Sótt dags. af <http://www.youtube.com/xxx.xxx>
- Skyscape. (2010). Skyscape Medical Resources (útgáfa 1.9.11) [app]. Sótt 8. september 2014 af <http://itunes.apple.com/>

## Munnlegar heimildir

ATH. Gangið alltaf úr skugga um að kennari samþykki munnlegar heimildir sem gildar heimildir. Leyfi kennari munnlegar heimildir, skal nota þær með varúð og í hófi.

Munnlegar heimildir geta t.d. verið tölvupóstur, viðtöl eða símtöl sem ekki er aðgengilegt öðrum en höfundu. **Munnlegar heimildir eru aðeins skráðar í tilvísunum, ekki heimildaskrá**, þar sem heimildin er oftast óbirt og óaðgengileg lesandanum.

Í tilvísunum er skráð nafn þess sem vitnað er í, ásamt eins nákvæmri dagsetningu og mögulegt er. Skv. APA er ekki nauðsynlegt að skrá hvers konar munnlega heimild er um að ræða s.s. tölvupóst, símtal, viðtal. Þó er leyfilegt að geta tegundar heimildar, sem útskýringar fyrir lesandann. Upplýsingar um viðmælanda, t.d. starfsheiti, geta aukið trúverðugleika viðkomandi sem heimildamanns.

**Tilvísun:** Breskir hermenn á Akranesi voru upp til hópa ungir menn (Haflíði Sturluson, framkvæmdastjóri XYZ, munnleg heimild, viðtal, 2. febrúar 2012), sem ...

## Facebook

**Heimildaskrá – meginregla:** Höfundur. (Ártal, dagur, mánuður). *Titill færslu EÐA Fyrstu orð í færslu ...* [Facebook-færsla]. Sótt dags. af <http://www.facebook.com/xxx.xxxx.xxx.x>

**Heimildaskrá:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. (2013, 5. júní). *Á laugardaginn fer hið rómaða reiðhjólauppboð ...* [Facebook-færsla]. Sótt 5. júní 2013 af <http://www.facebook.com/logreglan>

**Heimildaskrá:** Kristinn Helgi Guðjónsson. (2013, 5. júní). *Styð eftirlit inni í íbúðahverfunum ...* [ummæli við Facebook-færslu]. Sótt 5. júní 2013 af <http://www.facebook.com/logregla>

## Blogg

**Heimildaskrá:** Hrist, S. (2011, 19. október). Did securitization cause the mortgage crisis? [bloggfærsla]. *The Harvard Law School Forum on Corporate Governance and Financial Regulation*. Sótt 5. júní 2013 af <http://blogs.law.harvard.edu/corpgov/2011/10/19/did-securitization-cause-the-mortgage-crisis/>

## Fyrirlestraglósur, glósur úr MySchool eða glærur

Skv. APA staðlinum eru glósur nema úr fyrirlestrum eitt form persónulegra samskipta (óbirt og óaðgengileg lesanda). Sem slík heimild eru þannig glósur aðeins skráðar í tilvísunum en ekki í heimildaskrá.

**Tilvísun:** Í fyrirlestri í Neytendahegðun og markaðssamskiptum þann 16. apríl 2012 sagði Valdimar Sigurðsson ..  
... (Valdimar Sigurðsson, munnleg heimild, fyrirlestur í námskeiðinu Neytendahegðun og markaðssamskipti í Háskólanum í Reykjavík, 16. apríl 2012)

Sumir kennarar gætu farið fram á að glósur séu einnig skráðar í heimildaskrá ef þær eru notaðar í tilvísun. Þá má nota eftirfarandi dæmi til hliðsjónar. APA staðallinn gefur engar leiðbeiningar um skráningu munnlegra heimilda í heimildaskrá. Ef vafi leikur á skráningu, skal spyrja viðkomandi kennara.

**Heimildaskrá:** Valdimar Sigurðsson. (2012, 16. apríl). *Fyrirlestur í námskeiðinu Neytendahegðun og markaðssamskipti*, Háskólinn í Reykjavík.

Upplýsingar fengnar úr MySchool glósum eða PowerPoint glærum á netinu er einnig hægt að skrá á ýmsa vegu séu þær notaðar sem heimild. Hægt er að skrá þær sem persónuleg samskipti (sjá hér að ofan), eða á formlegri máta eins og í eftirfarandi dæmi. Þar þarf að gefa upp nafn kennara, dagsetningu fyrirlesturs og titil glósanna eða glæranna skáletraðan, tegund efnisins innan hornklofa og að lokum hvaðan efnið var sótt. Viðmiðið er að skrá heimildina eins nákvæmt og hægt er.

**Tilvísun:** ... (Jón Guðmundsson, 2012) ...

**Heimildaskrá:** Jón Guðmundsson. (2012, 19. febrúar). *Endurgerð timburhúsa* [PowerPoint glærur]. Sótt 20. apríl 2012 af <https://myschool.ru.is/myschool/>

APA staðallinn gefur takmarkaðar leiðbeiningar um skráningu á glósum eða glærum. Ef vafi leikur á skráningu, skal spyrja viðkomandi kennara eða upplýsingafræðing.

## Dæmi um heimildaskrá

- American Psychological Association. (2005). *Concise rules of APA style*. Washington, DC: Höfundur.
- Baheti, J. R. (2001). *Control is key*. New York, NY: Macmillan.
- Baheti, J. R. (2002). *Roles of women in academia*. Chicago, IL: University of Chicago Press.
- DataMarket. (2011). *Lykiltölur mannfjöldans 1703-2011, Erlendar skuldir* [tafla]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://data.is/roqosm>
- Dorland's illustrated medical dictionary* (29. útg.). (2000). Philadelphia, PA: Saunders.
- Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstj.). (1990). Íran. Í *Íslenska alfræðiorðabókin* (2. bindi). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstj.). (2011). Lotukerfi. Í *Íslenska alfræðiorðabókin* (vefútg.). Sótt 23. ágúst 2012 af <http://snara.is>
- Hagstofa Íslands. (2012). *Húsnæðiskostnaður íþyngir verulega 11% landsmanna*, Frétt nr. 85/2012. Sótt af 23. ágúst 2012 <http://hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9034>
- Jón Hermannsson, Sigurbjörn Hannesson, Margrét Steinsdóttir, Jónína Oddsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Pétur Þórðarson, ... Árni Arnarson. (1999). *Sögur og sagnir úr sýslunni okkar*. Bjólfseyri: Steinsútgáfan.
- Kapo, J., Morrison, L. J. og Liao, S. (2007). Palliative care for the older adult. *Journal of Palliative Medicine*, 10(1), 185-209. doi:10.1089/jpm.2006.9989
- Lög um opinbera háskóla* nr. 85/2008.
- Mannauður. (e.d.). *Reiknistofa bankanna*. Sótt 29. maí 2012 af <http://www.rb.is/um-rb/mannauður/>
- Nettina, S. M. (ritstj.). (2001). *Lippincott manual of nursing practice*. Philadelphia, PA: Williams & Wilkins. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://ovidsp.tx.ovid.com.proxy.library.dc-uoit.ca/spa/ovidweb.cgi>
- Norton, R. (2006). How to train a cat to operate a light switch [myndskaið]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.youtube.com/watch?v=IkMOD9PVuKg>
- Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir (dagskrárgerðarmaður). (2012, 22. maí). Með rafskaut grædd í þindina [þáttur í fréttapáttaröð]. Í Sigmar Guðmundsson (ritstj.), *Kastljós*. Reykjavík: RÚV.
- Reglugerð um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa* nr. 311/1986.
- Sigurðsson, J. (2011). *Unemployment dynamics and cyclical fluctuations in the Icelandic labour market*. (Working paper nr. 56). Reykjavík: Central Bank of Iceland.
- Svavar Guðnason. (1941). Jónsmessudraumur [stafræn mynd]. Sótt 23. ágúst 2012 af <http://www.umm.is/media/orginal/9740488ac02cbb89.jpg>
- Young, M. E. og Wasserman, E. A. (2005). Theories of Learning. Í K. Lamberts og R. L. Goldstone (ritstj.), *Handbook of cognition* (bls. 161-182). Thousand Oaks, CA: Sage.
- Þingskjal 1602. (2003-2004). Frumvarp til tollalaga. *Alþingistíðindi A-deild*, 130, 7. gr. Sótt 24. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/130/s/1602.html>

## Heimildaskrá (fyrir þetta fjölrit)

American Psychological Association. (2010). *Publication manual of the American Psychological Association* (6. útg.). Washington, DC: Höfundur.

American Psychological Association. (2012). *APA style blog* [bloggsíða]. Sótt 29. ágúst 2012 af <http://blog.apastyle.org/apastyle/>

American Psychological Association. (2012). *APA style guide to electronic references*. Washington, DC: Höfundur.

*APA citation style: Guide to bibliographic citation*. (2011, júlí). Durham, ON: The Library, Durham College & UOIT. Sótt 16. ágúst 2012 af <http://www.durhamcollege.ca/wp-content/uploads/apa.pdf>

Friðrik H. Jónsson og Sigurður H. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útg.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

## APA tilvísanir og heimildaskráning fyrir vefsíður – Hvað skal gera þegar upplýsingar vantar?

\* Ef titill heimildar er settur í höfundastað þá er titillinn settur innan gæsalappa í tilvísun. Styttu má titil í tilvísun í tvö eða þrjú fyrstu orðin í titli.

Hvað vantar?	Lausn	Tilvísun			
		Höfundasæti	Tímasæti	Titilsæti	Vefsæti
Ekkert - öll atriði eru til staðar	Skrá skal upplýsingar í eftirfarandi röð; höfundur, dagsetning, titill (með lýsingu á formi í hornklofa ef um óvenjulegt form heimildar er að ræða) og uppruni heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafrni (erl. höf.)	(dagsetning).	Titill heimildarinnar[form]	Sótt dagur, mánuður, ár af <a href="http://xxx.xxx.xx">http://xxx.xxx.xx</a>
Höfund vantar <b>(ath. höfundur getur líka verið stofnun eða fyrirtæki)</b>	Skráið titil í stað höfundar; svo dagsetningu og uppruna heimildar	Titill heimildarinnar [form ef þörf krefur] *	(dagsetning).	á ekki við	
Dagsetningu vantar	Skráið höfund og setjið <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning, svo titil og uppruna heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafrni (erl. höf.)	(e.d.).	Titill heimildarinnar [form ef þörf krefur]	
Dagsetningu vantar en hægt er að áætla hana	Notið <i>ca.</i> ásamt áætluðu ári í hornklofa	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafrni (erl. höf.)	[ca. 2007]	Titill heimildarinnar [form ef þörf krefur]	
Titil vantar	Skráið höfund og dagsetningu; lýsið heimildinni innan hornklofa og skráið svo uppruna heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafrni (erl. höf.)	(dagsetning).	[Lýsing heimildarinnar]	
Höfund og dagsetningu vantar	Setjið titil í stað höfundar og <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning, og skráið svo uppruna heimildar	Titill heimildarinnar [form ef þörf krefur] *	(e.d.).	á ekki við	
Höfund og titil vantar	Setjið lýsingu á heimildinni í hornklofa í stað höfundar og skráið svo dagsetningu og uppruna heimildar	[Lýsing heimildarinnar]	(dagsetning).	á ekki við	
Dagsetningu og titil vantar	Skráið höfund, setjið <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning, lýsið heimildinni innan hornklofa og skráið síðan uppruna heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafrni (erl. höf.)	(e.d.).	[Lýsing heimildarinnar]	
Höfund, dagsetningu og titil vantar	Setjið Lýsingu á heimildinni í hornklofa í stað höfundar, setjið <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning og skráið síðan uppruna heimildar	[Lýsing heimildarinnar]	(e.d.).	á ekki við	

## APA tilvísanir og heimildaskráning – Hvað skal gera þegar upplýsingar vantar?

\* Sjá nánari skýringar á næstu síðu

Hvað vantar?	Lausn	Tilvísun				Upprunasæti
		Höfundasæti	Tímasæti	Titilsæti	Sniðmát heimildaskráningar	
Ekkert - öll atriði eru til staðar	Skrá skal uppLýsingar í eftirfarandi röð; höfundur, dagsetning, titill (með Lýsingu á formi í hornklofa ef um óvenjulegt form heimildar er að ræða) og uppruni heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafni (erl. höf.)	(dagsetning).	Titill heimildarinnar[form]* EÐA <i>Titill heimildarinnar</i> [form]*		Sótt dagur, mánuður, ár af <a href="http://xxx.xxx.xx">http://xxx.xxx.xx</a> <b>EÐA</b> Útgáfustaður: Útgáfufyrirtæki <b>EÐA</b> doi:xxxxx.xxxxxx.xx
Höfund vantar	Skráið titil í stað höfundar; svo dagsetningu og uppruna heimildar	Titill heimildarinnar [form] EÐA <i>Titill heimildarinnar</i> [form]	(dagsetning).	á ekki við		
Dagsetningu vantar	Skráið höfund og setjið <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning, svo titil og uppruna heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafni (erl. höf.)	(e.d.).	Titill heimildarinnar[form]* EÐA <i>Titill heimildarinnar</i> [form]*		
Titil vantar	Skráið höfund og dagsetningu; lýsið heimildinni innan hornklofa og skráið svo uppruna heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafni (erl. höf.)	(dagsetning).	[Lýsing heimildarinnar]		
Höfund og dagsetningu vantar	Setjið titil í stað höfundar og <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning, og svo síðan uppruna heimildar	Titill heimildarinnar [form] EÐA <i>Titill heimildarinnar</i> [form]	(e.d.).	á ekki við		
Höfund og titil vantar	Setjið Lýsingu á heimildinni í hornklofa í stað höfundar og skráið svo dagsetningu og uppruna heimildar	[Lýsing heimildarinnar]	(dagsetning).	á ekki við		
Dagsetningu og titil vantar	Skráið höfund, setjið <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning, lýsið heimildinni innan hornklofa og skráið svo uppruna heimildar	Fornafn, eftirnafn (ísl. höf.) Eftirnafn, fyrsti bókstafur í fornafni (erl. höf.)	(e.d.).	[Lýsing heimildarinnar]		
Höfund, dagsetningu og titil vantar	Setjið Lýsingu á heimildinni í hornklofa í stað höfundar, setjið <i>e.d.</i> sem stendur fyrir engin dagsetning og skráið svo uppruna heimildar	[Lýsing heimildarinnar]	(e.d.).	á ekki við		
Uppruni heimildar vantar	Skráið sem munnlega heimild (sjá kafla 6.20 í 6. útg. af APA staðlinum) eða finnið viðeigandi skráningarform	á ekki við	á ekki við	á ekki við	á ekki við	



## Skýringar með töflu:

### **Heimildaskrá:**

Skáletrið titil heimildar þegar heimildin er ein heild (t.d. bækur, skýrslur o.þ.h.), en ekki þegar hún er hluti heildar (t.d. bókarkafli, tímaritsgrein, o.þ.h.).

Þegar greint er frá því hvaðan rafræn heimild er sótt þá skal annað hvort gefa upp URL (nema ef heimildin er tímaritsgrein án DOI úr gagnasafni, þá er URL-i alveg sleppt), DOI (allar heimildir sem úthlutað hefur verið DOI-númeri) eða útgáfustað og útgáfufyrirtæki (prentaðar heimildir s.s. bækur). Skráið alltaf dagsetningu hvenær rafræna heimildin var sótt ásamt allri slóðinni ( á við um URL en ekki DOI).

### **Tilvísanir:**

Búið til tilvísun með því að nota upplýsingar úr **Höfundasæti** og **Tímasæti**.

Athugið að aðeins skal skrá eftirnafn erlends höfundar í tilvísun; sleppa skal fyrsta bókstaf í fornafni (þ.e. Eftirnafn höfundar, dagsetning).

Titlar sem skráðir eru í **Höfundasæti** (þ.e. í þeim tilfellum sem heimildin er án höfundar) eru skáletraðir ef heimildin er ein heild (*Titill heimildar*, dagsetning), en gæsalappir utan um heimildir sem eru hluti heildar s.s. bókarkaflar, tímaritsgreinar ("Titill heimildar", dagsetning).

Setjið hornklofa utan um lýsingu á heimild (þ.e. ef titil vantar), sem skráð er í **Höfundasæti** ([Lýsing heimildar], dagsetning).